

ÁRSSKÝRSLA SAMTAKA IÐNAÐARINS 1998–1999



EFNISYFIRLIT

Ársreikningar

4

Rekstrarreikningur fyrir árið 1998 og áætlun 1999
Efnahagsreikningur 31. desember 1998

6

Skrá yfir helstu lög og lagabreytingar 1998 er varða iðnaðinn
Fulltrúar Samtaka iðnaðarins í stjórnnum og nefndum

Starfsskilyrði iðnaðar

9

Efnahagsmál
Nýsköpun og þróunarmál

Alþjóðlegir samningar og samstarf

17

Norrænt samstarf
Ráðgjafarnefndir EFTA og EES
Samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu – UNICE
Evrópuskrifstofa atvinnulífsins í Brussel – ESAB

Starfsgreinahópar

20

Mannvirkjagerð
Húshluta-, húsgagna- og innréttingaiðnaður
Málmiðnaður
Matvæla- og fíðuriðnaður
Prent- og pappírsiðnaður
Rafeinda- og upplýsingatækniðnaður
Stóriðja
Þjónustuiðnaður

Þjónusta og þróun

32

Markaðs- og kynningarmál
Nýsköpun og þróunarmál
Gæðamál
Staðlamál
Menntamál
Almenn lögfræðiþjónusta
Orkumál – efnaiðnaður
Umhverfismál

Skrifstofa innri þjónusta

43

Stjórn
Félagsfundir
Starfsmannahald
Útgáfu- og upplýsingastarf
Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi

NÝTUM SÓKNARFÆRIN

Ágæti lesandi

Síðustu misserin hefur íslenskt atvinnulíf búið við betri aðstæður en oftast áður. Þetta birtist í stórauðnum umsvifum á flestum sviðum. Þessu ber að fagna. Hins vegar er það nokkurt áhyggjuefni að þrátt fyrir aukin umsvif hefur afkoma fyrirtækja í iðnaði ekki batnað að sama skapi. Sjálfsagt eru margar ástæður sem og misjafnar aðstæður fyrirtækja og greina sem því valda en í heild er ljóst að ekki hefur tekist að halda jafnvægi í kostnaði við þau lönd sem við berum okkur saman við og eigum í mestri samkeppni við.

Ástæðan er einkum sú að laun hafa hækkað meira hér en hjá nágrannaþjóðunum. Kostnaðarhækkarnir hafa fyrirtækin tekið á sig að mestu án þess að velta þeim út í verðlagið og þar með skert afkomu sína. Sá hluti kostnaðarhækkana, sem fyrirtækin hafa neyðst til að beina út í verðlagið, hefur einnig haft neikvæð áhrif á afkomuna með því að samkeppnisstaðan fer versnandi og hlutdeild innlendrar framleiðslu minnkar.

Þessari þróun verður að snúa við. Til þess þarf að tryggja enn betur þann stöðugleika sem við höfum búið við og auka sparnað á öllum sviðum. Auðvitað þurfa allir að taka höndum saman til að það takist en ekki síst opinberir aðilar.

Í mínum huga er ljóst að ríkisvaldið hefur sýnt virðingarverða tilbúðni til sparnaðar í opinberum rekstri að undanfögnu, jafnvel meiri en nokkru sinni fyrr og auk þess reynt með ýmsum hætti að hvetja aðra til hins sama.

Því miður virðast sveitarfélögin ekki hafa áttað sig nægilega á að aukin umsvif þeirra hafa nú meiri áhrif á efnahagslífið í landinu en nokkru sinni. Þess vegna eru gerðar til þeirra meiri kröfur en áður um að sýna ráðdeild og spara og axla þannig þá ábyrgð sem þau hafa tekist á herðar.

Starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur breyst mikið að undanfögnu. Ástæður þess eru margar, m.a. áhrif EES- samningsins sem hefur valdið því að ekki er lengur hægt að bjóða innlendum fyrirtækjum allt önnur og verri starfsskilyrði en tíðkast í nágrannalöndunum. Enn skortir þó mikið á að jöfnuði sé náð og má í því sambandi nefna vaxtamál, vörugjöld, stimpilgjald o.fl. Þrátt fyrir slíka ágalla hefur starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja tekið stórstígum framförum að undanfögnu. Í íslenskum iðnaði eru augljós tækifæri sem hvorki má glútra niður, með vanhugsuðum aðgerðum né aðgerðaleyzi.

Haraldur Sumarliðason

formaður Samtaka iðnaðarins

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1998 OG ÁÆTLUN 1999

	1998	Áætlun 1999 þús. kr.
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld.....	55.922.399	62.000
Iðnaðarmálagjald	120.171.610	132.000
Aðrar tekjur.....	27.089.151	43.520
Rekstrartekjur samtals	203.183.160	237.520
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld.....	84.775.063	95.900
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	23.275.034	24.700
Fundir, ráðstefnur og önnur samskipti	19.513.373	21.470
Kynningarstarfsemi	33.260.296	41.760
Útgáfa	7.081.031	8.250
Útibú og sérverkefni	15.281.070	26.690
	183.185.867	218.770
Afskriftir fastafjármuna	8.831.533	9.500
Rekstrargjöld samtals	192.017.400	228.270
Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða	11.165.760	9.250
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	3.025.728	2.000
Arður.....	4.943.181	12.000
Vaxtagjöld og verðbætur	(561.496)	(4.200)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	(699.445)	(1.000)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6.707.968	8.800
Hagnaður ársins	17.873.728	18.050

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka iðnaðarins fyrir árið 1998. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 10.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í aðalatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskiladæferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við

teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynda af rekstri Samtaka iðnaðarins á árinu 1998, efnahag 31. desember 1998 og breytingu á handbæru fé á árinu 1998 í samræmi við lög Samtakanna og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 12. febrúar 1999
BDO Endurskoðun ehf.

Gunnar M. Erlingsson

Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1998

	31.12.1998	31.12.1997 þús. kr.
Eignir:		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Hlutabréf	156.730.167	83.325
Skuldabréf		6.352
	<u>156.730.167</u>	<u>89.677</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Húsfélagið Hallveigarstíg 1	91.821.790	44.903
Áhöld, innréttingar, bifreið	21.177.141	27.012
	<u>112.998.931</u>	<u>71.915</u>
Fastafjármunir samtals	<u>269.729.098</u>	<u>161.592</u>
Veltufjármunir:		
Bankainnstæður	15.607.020	18.671
Útistandandi tekjur	27.582.472	26.532
Iðnaðarmálagjald	19.896.138	15.884
Víxlar og skuldabréf	3.446.414	23.129
Aðrar skammtímakröfur	10.619.096	4.533
Veltufjármunir samtals	<u>77.151.140</u>	<u>88.749</u>
Eignir samtals	<u>346.880.238</u>	<u>250.341</u>
Eigið fé og skuldir:		
Eigið fé		
Stofnfé	175.582.496	175.582
Annað eigið fé	88.490.390	56.458
Eigið fé samtals	<u>264.072.886</u>	<u>232.040</u>
Langtímaskuldir:		
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins	40.000.000	
Næsta árs afborganir	(13.333.333)	
Langtímaskuldir samtals	<u>26.666.667</u>	
Skammtímaskuldir:		
Ógreidd rekstrargjöld	13.034.804	8.680
Samþykktir víxlar	11.347.548	9.621
Ógreitt vegna fasteignakaupa	18.425.000	
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13.333.333	
Skammtímaskuldir samtals	<u>56.140.685</u>	<u>18.301</u>
Skuldir samtals	<u>82.807.352</u>	<u>18.301</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>346.880.238</u>	<u>250.341</u>

HELSTU LÖG SEM SAMÞYKKT VORU Á ALÞINGI 1998 SEM VARÐA IÐNAÐINN

7/1998	Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (heildarlög) 3.3.1998
22/1998	Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands (heildarlög) 31.3.1998
26/1998	Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti (tilkynningar skiptastjóra) 11.3.1998
28/1998	Lög um verslunaratvinnu (heildarlög) 31.3.1998
30/1998	Breyting á almennum hegningarlögum (tölvubrot) 31.3.1998
32/1998	Breyting á umferðarlögum (ábyrgðar- og slysaftryggingar) 31.3.1998
36/1998	Breyting á lögum um gjaldmiðil Íslands (lægsta mynteining) 16.4.1998
44/1998	Lög um húsnæðismál (heildarlög) 28.5.1998
47/1998	Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar (geymsla áunnins réttar o.fl.) 28.5.1998
48/1998	Breyting á lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga (geymsla áunnins réttar o.fl.) 28.5.1998
57/1998	Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (heildarlög) 28.5.1998
58/1998	Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (heildarlög) 28.5.1998
67/1998	Breyting á lögum um þjóðfána Íslendinga (notkun fánans o.fl.) 4.6.1998
75/1998	Áfengislög (heildarlög) 5.6.1998
80/1998	Breyting á lögum um virðisaukaskatt (aðgangur að vegamannvirkjum) 5.6.1998
81/1998	Breyting á tollalögum (vörur á sviði upplýsingatækni o.fl.) 4.6.1998
83/1998	Brottfall laga um vörugjald af olíu og breytingu á lagaákvæðum um gjöld af bifreiðum 5.6.1998
85/1998	Breyting á lögum um skipan opinberra framkvæmda og opinber innkaup 4.6.1998
89/1998	Breyting á lögum um vörugjald (álagning, eftirlit o.fl.) 4.6.1998
90/1998	Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (álagsstuðull á vexti) 4.6.1998
91/1998	Lög um bindandi álit í skattamálum 4.6.1998
93/1998	Breyting á lögum um gjald af áfengi 4.6.1998
95/1998	Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (skatthlutfall fyrirtækja, arðgreiðslur o.fl.) 4.6.1998
96/1998	Breyting á lögum um yfirsattanefnd 4.6.1998
97/1998	Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (vaxtabætur) 5.6.1998
135/1998	Lög um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum (þinglýst eignaskiptayfirlýsing) 19.12.1998
137/1998	Lög um breytingu á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum (tekjur, samráðsnefnd, stjórn o.fl.) 20.12.1998
139/1998	Lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði 17.12.1998
140/1998	Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12 febrúar 1940, með síðari breytingum (refsíabýrgð lögaðila) 17.12.1998
142/1998	Lög um breytingu á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25 22. apríl 1967 (útböð) 19.12.1998
144/1998	Lög um refsíabýrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns 17.12.1998
147/1998	Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12 febrúar 1940, með síðari breytingum (mútur til opinbers starfsmanns) 17.12.1998
148/1998	Lög um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og lögum nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (lífeyrissparnaður launamanns) 17.12.1998
151/1998	Lög um breytingar á lögum nr. 39/1998, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987 umfjárföflun til vegagerðar (þungaskattur), og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. með síðari breytingum (gjaldskrár o.fl.) 20.12.1998
154/1998	Lög um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (jöfnunarhlutabréf, dótturfélög o.fl.) 20.12.1998
157/1998	Lög um breytingu á lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, með síðari breytingum (undanþágur frá gjaldi) 19.12.1998

FULLTRÚAR SAMTAKA IÐNAÐARINS Í STJÓRNUM OG NEFNDUM

Aukefnanefnd
Aðskotaefnanefnd
Átak til atvinnusköpunar
Bókasamband Íslands
EAN á Íslandi
ESB - Lítil og meðalstór fyrirtæki í matvælaíðnaði
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.
Fræðsluráð málmíðnaðarins

Fræðslusjóður bókaðgerðarmanna
Fulltrúaráð Landverndar
Gæðaráð byggingariðnaðarins
Heilbrigðis- og umhverfisnefnd Reykjavíkur
Húsfélag iðnaðarins
ICEPRO
Iðntæknistofnun Íslands
Kjararannsóknarnefnd
Lífeyrissjóður Framsýn
Lífeyrissjóður verslunarmanna
Menntafélag byggingariðnaðarins
MIDAS - upplýsingastofa
Nefnd um endurskoðun samkeppnislaga
Nefnd um meðferð brotamálma
Northern Software Alliance
Nýsköpunarsjóður
Nýsköpunarsjóður námsmanna
Prenttæknistofnun
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Ráðgjafarnefnd EFTA
Ráðgjafarnefnd EES
Sameinaði lífeyrissjóðurinn
Samráðshópur um framkvæmd stefnu upplýsingasamfélagsins
Samráðshópur Sorpu og atvinnulífsins
Samráðshópur um áhrif Efnahags- og mynt-
bandalags Evrópu á íslenskt atvinnulíf
Samstarf um nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda
Samstarfsnefnd um opinber innkaup
Samstarfsnefnd um starfsmál á framhaldsskólalagstigi
Samstarfsráð útboðsbankans Útboða
Samstarfsv. iðnaðar og sjávarútvegs
Samstarfsv. ísl.tölvu- og fjarskiptanotenda
Siglingamálaráð
Skólanefnd Borgarhóltsskóla
Skólanefnd Fjölbrotaskólans í Breiðholti
Skólanefnd Tækniskóla Íslands
Spilliefnanefnd
Staðlaráð Íslands STRÍ
STRÍ Byggingastaðlaráð
STRÍ - fagráð í upplýsingatækni
STRÍ - fagstjórn í gæðamálum
STRÍ - fagstjórn í vélverkum
Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkfólki
Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina
Starfsh. um starfsþjálfun iðnnema
Starfsmenntaráð
Stjórnarnefnd Leonaró
Umhverfismerkisráð
Útflutningsráð Íslands
VIKING samstarfsverkefnið
Vottunarstjórn RB
Verðlaunasjóður iðnaðarins
Vinnuveitendasamband Íslands

Vottun hf.
Öryggisnefnd í prentiðnaði

Ragnheiður Héðinsdóttir
Ragnheiður Héðinsdóttir
Helgi Magnússon
Þórarinn Gunnarsson
Ólafur Kjartansson
Ragnheiður Héðinsdóttir
Sveinn Hannesson
Bjarni Thoroddsen, Bjargmundur Björgvinsson
Guðmundur Gunnarsson, Magnús Aadnegaard
Þórarinn Gunnarsson
Ágúst Valfells
Eyjólfur Bjarnason
Ragnheiður Héðinsdóttir
Sveinn Hannesson, Sigurður Kristinnsson
Guðmundur Ásmundsson
Dávidh Lúðvíksson, Bjarni Thoroddsen
Þórarinn Gunnarsson
Helgi Magnússon
Viglundur Þorsteinsson
Tryggvi Jakobsson, Ingi Bogi Bogason, Grétar Halldórsson
Aðalsteinn J. Magnússon, Guðmundur Ásmundsson
Jón Steindór Valdimarsson
Ólafur Kjartansson
Guðmundur Ásmundsson
Örn Jóhannsson
Guðmundur Ásmundsson
Guðmundur Kristjánsson, Guðbrandur Magnússon
Friðrik Andrésson, Sigurður R. Helgason
Jón Steindór Valdimarsson
Jón Steindór Valdimarsson
Hallgrímur Gunnarsson, Örn Kjærnestad, Steindór Hálfðánarson
Guðmundur Ásmundsson
Ólafur Kjartansson

Ingólfur Bender
Guðmundur Ásmundsson
Árni Jóhannsson
Guðbrandur Magnússon, Ingi Bogi Bogason
Guðmundur Ásmundsson
Dávidh Lúðvíksson, Ingólfur Sverrisson
Guðmundur Ásmundsson
Steinar Viggósson
Ingólfur Sverrisson
Ingi Bogi Bogason
Bjarni Thoroddsen
Ólafur Kjartansson
Dávidh Lúðvíksson
Eyjólfur Bjarnason
Guðmundur Ásmundsson
Dávidh Lúðvíksson
Ingólfur Sverrisson
Ólafur Helgi Árnason
Guðmundur Ásmundsson
Guðbrandur Magnússon
Ingi Bogi Bogason
Ingi Bogi Bogason
Ólafur Kjartansson
Páll Sigurjónsson, Pétur Guðjónsson, Vilmundur Jósefsson
Guðmundur Ásmundsson
Eyjólfur Bjarnason
Haraldur Sumarliðason, Dávidh Lúðvíksson
Bjarnar Ingimarsson, Eiður Haraldsson, Gunnar Svavarsson, Loftur Árnason,
Sveinn Hannesson, Theodór Blöndal, Vilmundur Jósefsson, Þorgeir Baldursson
Dávidh Lúðvíksson
Örn Jóhannsson, Steindór Hálfðánarson

STJÓRN SAMTAKA IÐNAÐARINS

Fremri röð frá vinstri:

Geir A. Gunnlaugsson
ritari stjórnar
Marel hf.

Varaformaður SI:
Örn Jóhannsson
Morgunblaðið Árvakur hf.

Formaður SI:
Haraldur Sumarliðason
Byggingameistari

Ágúst Einarsson
Stálsmiðjan hf.

Aftari röð frá vinstri:

Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Friðrik Andrésson
Múrarameistarafélag Reykjavíkur

Helgi Magnússon
Harpa hf.

Jón Albert Kristinsson
Myllan-Brauð hf.

Vilmundur Jósefsson
Gæðafæði ehf.



EFNAHAGSMÁL

Staða efnahagsmála á Íslandi var að mörgu leyti mjög góð síðastliðið ár. Þjóðartekjur voru háar, atvinnuleysi lítið, atvinnuþátttaka mikil, verðbólga lítil, hagvöxtur góður og framleiðni hraðvaxandi. Miðað við þessa mælikvarða er staða Íslands með því besta sem gerist um þessar mundir í samfélagi þjóðanna og sögulega séð hefur hún vart verið betri í annan tíma.

Þrátt fyrir þessa björtu mynd er langt í frá að efnahagsvandi Íslands hafi verið leystur í eitt skipti fyrir öll. Vöxturinn hefur verið mikill undanfarin ár og umfram þanþol hagkerfisins sem hefur verið nálægt því að ofhitna. Allt síðasta ár hafa Samtök iðnaðarins haft uppi varnadarorð í þessa veru bæði í ræðu og riti. Stjórnvöld voru hvött til að auka þjóðhagslegan sparnað svo að treina mætti góðarið. Bent var á þau mistök sem gerð voru við hagstjórn í síðasta góðari. Afleiðingar þeirra urðu efnahagslífinu dýr og af þeim mistökum þarf að draga lærdóm.

Í ræðu Haraldar Sumarliðasonar, formanns Samtaka iðnaðarins, á Iðnþingi í upphafi árs kom m.a. fram að nú væri þörf sérstakrar aðgæslu hjá ríki og sveitarfélögum ef ekki ætti að fara illa. „Sá slaki, sem

var í íslenska hagkerfinu á árunum eftir 1990, er nú horfinn og verulegrar aðgæslu og aðhalds er þörf ef tryggja á áframhaldandi stöðugleika,“ sagði Haraldur í upphafi erindis síns. „Til þess að koma í veg fyrir þenslu verða stjórnvöld að leggja sig fram um að minnka umsvifin. Með aðhaldi getur ríkissjóður hæglega skapað nægilegt svigrúm til að atvinnulífið geti dafnað. Þetta á auðvitað ekki síður við um sveitarfélögin enda er um fjórðungur opinberra útgjalda kominn í hendur þeirra eftir að þau tóku við grunnskólanum. Áhrif aðgerða þeirra á vinnumarkaðinn og hagkerfið í heild eru því orðin umtalsverð og tímabært að þau axli samsvarandi ábyrgð í hagstjórn.“

TVÆR AF HVERJUM ÞREMUR KRÓNUM HORFNAR

Meðal þess sem Samtök iðnaðarins gerðu á árinu til að vekja máls á yfirvofandi hættu og þeim skaða, sem heitt hagkerfi gæti valdið atvinnulífinu, var að standa fyrir opnum morgunverðarfundum undir yfirskriftinni: „Hvernig eiga stjórnvöld að örva sparnað?“ Framsögumenn voru þeir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Geir H. Haarde, fjármálaráðherra,


Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbanka Íslands og formaður Sambands íslenskra viðskiptabanka og Friðrik Már Baldursson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

Í upphafi erindi síns á fundinum greindi Sveinn frá niðurstöðum úrtaksskönnunar Samtaka iðnaðarins á rekstri og afkomu iðnfyrirtækja (án stóriðju og mannvirkjagerðar) fyrir hluta árs 1998 og borið saman við sambærilegar tölur frá fyrra ári. Tekjur þessara fyrirtækja námu samtals rúmlega 15% af veltu í þessum hluta iðnaðarins árið 1997. Niðurstaðan er sú að tvær krónur af hverjum þremur af hagnaði hafa horfið úr þessum fyrirtækjum vegna þenslunnar. Sveinn sagði það, sem væri að gerast, væri vel þekkt: „Hækkandi launakostnaður, hátt gengi íslensku krónunnar og háir vextir veða að samkeppnisstöðu og markaðshlutdeild innlends samkeppnisiðnaðar.“

Til að hamla gegn þessari þróun sagði Sveinn það samdóma álit allra þeirra sem um málið fjalla að brýnast sé að auka þjóðhagslegan sparnað. Aukinn sparnaður dregur úr spennu í hagkerfinu og vinnur þannig gegn verðbólgu og skapar grundvöll fyrir lægri vexti og hagstæðara gengi fyrir atvinnureksturinn í landinu. Allt eru þetta þættir sem hafa úrslitaáhrif á samkeppnisstöðu og markaðshlutdeild iðnfyrirtækja.

Þjóðhagslegum sparnaði má skipta milli einkaaðila og hins opinbera. Sveinn sagði að stjórnvöld gætu og ættu að auka þjóðhagslegan sparnað við þessar aðstæður með því að auka eigin sparnað, halda útgjöldum í skefjum en nýta auknar tekjur sem koma inn vegna góðærisins til að greiða niður skuldir. En stjórnvöld gætu einnig haft áhrif á einkaaðila til aukins sparnaðar. Ein

Rætur hagvaxtar 1996–1998 eftir atvinnugreinum



Heimild: Þjóðhagsstofnun

Iðnaður án stóriðju og mannvirkjagerðar Rekstrarreikningur jan-jún

Milljónir króna	1998	1997	Breyting
Rekstrartekjur	8.058	7.970	1,1%
Rekstargjöld	7.640	7.310	4,5%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	419	660	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-230	-176	
Hagnaður af reglulegri starfsemi	189	483	
Hagnaður í hlutfalli af veltu			
Fyrir fjármagnsliði	5,2%	8,3%	-3,1
Af reglulegri starfsemi	2,3%	6,1%	-3,7

leiðin væri skattalegir hvatar, önnur þvingaður sparnaður (einhvers konar skyldusparnaður umfram núverandi lífeyrissparnað). Þriðja leiðin væri að minnka millifærslur og/eða breyta skiptingu skattbyrðarinnar milli fyrirtækja og heimila. Fjórdða leiðin væri að hraða einkavæðingu.

AÐHALDIÐ EKKI NÆGJANLEGT

Þegar lítið er yfir árið 1998 sést að varnarorð Samtakanna um yfirvofandi þensluhættu voru á rökum reist og áttu fullan rétt á sér. Á árinu hækkaði innlend vara í vísitölu neysluverðs um 2,5% en innflutt vara lækkaði um 2,8%. Samkeppnisstaðan m.t.t. verðs versnaði því verulega. Opinberar tölur um 1,3% verðbólgu á árinu eru því villandi. Í reynd er innlenda verðbólgan mun meiri en þar kemur fram. Hún er nefnilega greidd niður með lækkanandi verði á innflutningi. Íslensk fyrirtæki í iðnaði og þjónustu, sem eiga í óheftri samkeppni, verða við þessar aðstæður undir og tapa markaðshlutdeild.

Vegna ónógs aðhalds í opinberum fjármálum sá Seðlabanki Íslands sig tilneyddan til að halda verðbólgunni niðri á árinu með háum vöxtum og þeim áhrifum á samkeppnisstöðuna sem hér hafa verið nefnd.

Munurinn á innlendum og erlendum skammtíma vöxtum var um og yfir þrjú prósentustig allt síðasta ár. Íslensk fyrirtæki, sem hafa þurft að sækja lánsfé sitt á innlendan fjármagnsmarkað, hafa þannig orðið að axla meiri vaxtabyrði vegna ónógs aðhalds hins opinbera.

Versnandi samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja kom fram í stóru auknum halla á viðskiptum við útlönd og erlendri skuldasöfnun þjóðarinnar. Hallinn fór úr rúmum 8,4 milljörðum króna í rúma 35 milljarða sem er 6% af landsframleiðslu. Erlendar skuldir jukust samsvarandi. Þetta er uggvænleg þróun. Fjárfesting, sem þarf til að skapa


viðunandi hagvöxt til frambúðar, veldur viðskiptahalla og skuldasöfnun. Ástæðan er ónógur þjóðhagslegur sparnaður. Þar á hið opinbera stóran hlut að máli.

SÓLSKINSFRUMVARPIÐ

Frumvarp til fjárlaga 1999, Sólskinsfrumvarpið svonefnda, var samþykkt á Alþingi fimm dögum fyrir jól og tæpum þremur mánuðum eftir að það var lagt fram á þingi. „Bætt afkoma minni en hagsveiflan gefur tilefni til“ var mat Seðlabanka Íslands þegar hann hafði skoðað frumvarpið. Ástæða er til að taka undir þessi orð bankans. Of lítið af tekjuaukanum, vegna góðærisins, er nýtt til að greiða niður erlendar skuldir og draga úr innlendri þenslu.

Frumvarpið batnaði ekki í meðförum þingsins þar eð útgjöldin voru stórlega aukin. Hafi áður nefnt mat Seðlabankans átti við um frumvarpið á það enn frekar við um fjárlögin. Aðhaldsleysi og þensla hins opinbera dregur úr verðmætasköpun samkeppnisgreina. Slík forgangsröðun er röng.

Sparnaður, fjárfesting og viðskiptajöfnuður % af landsframleiðslu



Að teknu tilliti til þess, sem ekki kemur til innheimtu og útborgunar á árinu (t.d. lífeyrisskuldbindinga) sem og fjármunahreyfinga (t.d. vegna sölu eigna), greiddi ríkissjóður, A-hluti, niður skuldir á síðastliðnu ári og gerir í auknum mæli á þessu ári. Þetta er ánægjulegt en hið opinbera er annað og meira en A-hluti ríkissjóðs. Í B- og C-hluta eru ríkisfyrirtæki og lánastofnanir á borð við Ríkisútvarpið og Byggðastofnun. Til viðbótar eru sveitarfélögin hluti hins opinbera. Þessir aðilar eru ekki að greiða niður skuldir heldur þvert á móti. Lántökur þeirra eru svo miklar að þær eyða með húð og hári því sem greitt verður niður af skuldum í A-hlutanum. Sérstaklega er það áhyggjuefni að sveitarfélögin, sem nú orðið standa að baki 27% allra útgjalda hins opinbera, safna skuldum í góðæri. Það er ekki verjandi.



IÐNFYRIRTÆKI ÍSLENSKRA FRUMKVÖÐLA SKARA FRAM ÚR

Samtökin Europe's 500 hafa skilgreint og birt lista með nöfnum 500 framsæknustu frumkvöðla og fyrirtækja í Evrópu. Þau hafa skilgreint ástæður fyrir velgengi þeirra og segja frá árangri valinna manna og fyrirtækja af listanum. Listinn er niðurstaða umfangsmikils samstarfsverkefnis margra aðila í Evrópu. Samtök iðnaðarins ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu standa að listanum hér á landi. Með þátttöku sinni vilja Samtök iðnaðarins örva frumkvöðlastarfsemi og efla umræðu um gildi góðra starfskilyrða fyrir nýsköpun hér á landi.


Sjö íslensk fyrirtæki eru talin meðal þeirra 500 framsæknustu í

Evrópu. Þeirra á meðal eru iðnfyrirtækin Össur og Tölvumyndir sem frumkvöðlarnir Össur Kristinsson og Friðrik Sigurðsson standa fyrir.

Þetta er í þriðja sinn sem 500 framsæknustu fyrirtæki Evrópu eru valin. Eitt íslenskt fyrirtæki, stoðtækjafyrirtækið Össur, sem stofnað var af Össuri Kristinsyni, komst á listann þegar hann var birtur fyrsta sinn árið 1995. Nú er Össur í þriðja sinn á listanum - eitt rúmlega 80 fyrirtækja í Evrópu sem nær þeim árangri. Það er framúrskarandi.

Valið lýtur ströngum skilyrðum um vöxt og tilurð hans, s.s. eignaraðild frumkvöðuls, sjálfstæði, veltuaukningu, arðsemi, stærð og aldur fyrirtækisins. Telja má að það sé til vitnis um gróskumikið atvinnulíf og framsækna frumkvöðla í íslensku efnahagslífi að á listanum skuli vera svo mörg íslensk fyrirtæki. Á listann var valið úr hópi átján þúsund fyrirtækja sem áður voru valin úr milljónum fyrirtækja í allri Evrópu. Til samanburðar má geta þess að einungis átta norsk fyrirtæki komust á listann, tíu írsk, fimmtán finnsk og sextán sænsk en íslenska hagkerfið er einungis brot af stærð hagkerfa áður nefndra þjóða.

Þróun neysluverðsvisitölu eftir uppruna vöru og þjónustu



Heimild: Hagstofa Íslands

EVRAÐ TÓK VIÐ AF MYNTUM




Evrá tók við af myntum 11 aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) um síðustu áramót. Því er spáð að hún hafi í för með sér aukna hagkvæmni í viðskiptum og framleiðni í rekstri fyrirtækja innan myntbandalagsins. Þau ættu því að geta lækkað afurðir sínar í verði í samanburði við afurðir annarra fyrirtækja þ.m.t. íslenskra. „Þannig getur samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja gagnvart öðrum evrópskum keppinautum versnað,“ segir í áliti samráðshóps um áhrif EMU á íslenskt efnahagslíf sem forsætisráðuneytið gaf út á árinu og Samtök iðnaðarins eru aðilar að.

Evrá lækkar að öllum líkindum einnig viðskiptakostnað íslenskra fyrirtækja og hefur þannig jákvæð áhrif á starfsemi þeirra. „Erfitt er að meta nú í hve miklum mæli hin jákvæðu og neikvæðu áhrif muni koma fram á næstu árum en það fer að nokkru leyti eftir því hvernig Íslendingar sjálfir halda á sínum málum,“ segir einnig í áliti hópsins.

Í áliti hópsins segir: „Efnahagslegur stöðugleiki og traust efnahagsstjórn gagnast atvinnulífinu best til

Skammtímaþættir

á Íslandi að frádregnum skammtímaþættum í viðskiptalöndunum



Þess að mæta aukinni samkeppni frá fyrirtækjum innan myntbandalagsins.“ Í þessu felst að á næstu árum þarf að stefna markvisst að afgangi í rekstri hins opinbera, minnka skuldir og efla þjóðhagslegan sparnað. Markmiðið er að mæta óhjákvæmilegum sveiflum í þjóðarbúskapnum án þess að verulegar breytingar verði á gengi krónunnar. Ávallt þarf að vera borð fyrir báru vegna óvæntra áfalla sem kunna að ríða yfir þjóðarbúið í framtíðinni. Í þessu sambandi þarf að gæta þess í uppsveiflu í efnahagslífinu, eins og nú stendur yfir, að nýta auknar skatttekjur til að greiða niður erlendar skuldir.

Í álitum samráðshópsins segir: „Hugsanlegt er að sveiflur í gjald-eyrisviðskiptum muni aukast á næstu árum... Mikilvægt er að peningastefnan sé í stakk búin til þess að mæta sveiflum af þessu tagi. Í því skyni er brýnt að auka gjald-eyrisfordönn.“ Fast gengi krónunnar myndar haldfestu fyrir íslensk fyrirtæki sem búa við lítinn heima-markað og hrærast í alþjóðlegu markaðsumhverfi. Því er brýnt að fastgengisstefnan sé varðveitt.

„Stofnun myntbandalagsins mun

gjörbreyta evrópskum fjármagns-markaði... Hagkvæmni stærðarinnar mun skipta máli, samkeppni mun aukast og kostnaður minnka,“ segir í álitum hópsins. Vaxtamunur í íslensku bankakerfi er með því mesta sem gerist meðal aðildarríkja OECD. Gagnsæi í verðlagningu og hagkvæmni, sem evran færir með sér í rekstri bankastofnana í Evrópu, gerir uppstökkun á íslenska bankakerfinu bráðnauðsynlega. Að öðrum kosti verður íslensk fjármálaþjónusta einfaldlega undir í samkeppni við slíka þjónustu á evru-svæðinu og enn dýrari þeim fyrirtækjum sem eiga ekki í önnur hús að venda vegna smæðar sinnar.

Í aðild að vel heppnuðu og við-tæku myntbandalagi Evrópuþjóða felst augljós ávinningur. Íslensk fyrirtæki kæmust hjá að greiða þann kostnað sem felst í smæsta mynt-kerfi heims. Það er ljóst að á næstu árum munu Íslendingar standa utan við EMU. Við þurfum þó að uppfylla Maastricht-skilyrðin um efnahags-legan stöðugleika ekkert síður en aðildarríkin ella fer illa fyrir at-vinnulífi okkar. Við erum hins vegar hvorki aðilar að Evrópusambandinu né er efnahagslíf okkar nægilega

fjölbætt og traust til þess að aðild komi til greina. Þessu tvennu getum við breytt. Það er okkar eigin heimavinna.

FRAMTÍÐIN BYGGIST Á STÖÐUGLEIKANUM




Röng viðbrögð við sveiflum í sjávar-útvegi hafa skaðað framleiðsluðnað hér á landi að mati Roberts Rowthorns, heims-þekktis prófessors í

hagfræði við Cambridge háskóla. Hann heldur því fram að iðnaðurinn hafi ekki náð eðlilegum vexti vegna þess að samkeppnisstaða hans hefur verið í ólagi. „Úrbóta er þörf,“ segir hann, „ef halda á uppi viðunandi hagvexti hér á landi í framtíðinni.“

Á Iðnþingi 1998 ræddi Robert meginniðurstöðu skýrslu sem hann vann fyrir Samtök iðnaðarins ásamt Ingólfi Bender hagfræðingi Samtak-anna. Skýrslan fjallar um minnkandi vægi framleiðsluðnaðar í vinnuaflsnotkun hér á landi en á þann mælikvarða skrátt sá iðnaður saman um nær þriðjung á síðasta áratugi. Hún hefur nú verið gefin út af Cambridge háskóla og dreift víða um heim.

Á þinginu sagði Robert að óstöð-ugleiki áttunda og níunda áratugarins hefði haft mjög skaðleg áhrif á íslenskan framleiðsluðnað. „Óstöð-ugleikinn leiddi til hægari vaxtar framleiðni innan greinarinnar og hækkana á launakostnaði langt um-fram það sem greinin gat staðið undir til lengdar. Með öðrum orðum olli óstöðugleikinn versnandi sam-keppnisstöðu greinarinnar á al-þjóðamarkaði með þeim afleiðing-um að markaðshlutdeild hennar dróst verulega saman. Núna horfist

Atvinnuleysi 1980-1999



framleiðsluðnaður í augu við mjög krefjandi verkefni (sem er að auka útflutningstekjur sínar verulega) og til að leysa það þarf umfram allt stöðugleika. Markmiðið ætti að vera að viðhalda honum. Þó að það hafi tekist um hríð er engin víska fyrir að stöðugleikinn haldist í framtíðinni án sérstakra aðgerða.“

STJÓRNVÖLD MÓTA STARFSSKILYRÐIN



Starfsskilyrði atvinnulífsins eru að miklu leyti undir stjórnvöldum komin. Af þeim sökum er gagnlegt að bera saman

milli landa þá þætti sem hið opinbera ákvarðar og frammistöðu fyrirtækjanna. Með því móti geta stjórnvöld, hagsmunaaðilar og almenningur gert sér betur grein fyrir því hvers konar umhverfi elur af sér samkeppnishæfustu fyrirtækin og þá um leið blómlegt efnahags- og atvinnulíf.

Í þessum tilgangi gáfu Samtök iðnaðarins í samvinnu við Vinnu-


veitendasamband Íslands út ritið „Mælikvarðar á samkeppnishæfni Íslands og annarra Evrópuríkja.“ Ritið, sem kom út í apríl síðastliðnum, byggist á hliðstæðu riti sem Samtök iðn- og atvinnurekenda Evrópu, UNICE, gáfu út tveimur mánuðum fyrr.

Í ritinu kemur fram að miðað við marga mælikvarða er staða Íslands ásættanleg um þessar mundir. Þó má gera enn betur á mörgum sviðum. Stöðugleiki, aukið frjálsræði, virk samkeppni og sveigjanleiki eru forsendur fyrir hagvexti, aukinni

framleiðni og atvinnuuppbyggingu. Slíkar aðstæður hafa bætt lífsskjör hér á landi á undanförunum árum. Þrátt fyrir það er stöðugt sótt að at-hafnafrelsi fyrirtækja og sveigjanleika á vinnumarkaði úr ýmsum áttum. Stöðugleikanum er einnig ógnað um þessar mundir. Því þarf að verjast og bæta enn starfsskilyrði íslensks atvinnulífs. Það eitt gefur fyrirheit um bætt lífsskjör og atvinnuuppbyggingu til frambúðar.


Í skýrslunni eru notaðir einfaldir mælikvarðar til að sýna hvaða áhrif ólíkt rekstrarumhverfi hefur á efnahagslífið. Tillögurnar byggjast á reynslu annarra. Reynt er að draga fram hvað hefur gefist vel og hvað hefur reynst illa og þær lýsa því hvernig stjórnvöldum einstakra ríkja hefur tekist að efla atvinnu, auka hagvöxt og bæta lífsskjör. Góð samkeppnisstaða kemur öllum til góða. Skilaboðin eru skýr og stjórnvalda að fara eftir þeim. Það er þeirra að skapa rekstrarumhverfi sem elur af sér samkeppnishæf fyrirtæki og blómlegt atvinnulíf.

Framlag til þjóðhagslegs sparnaðar



NÝSKÖPUN OG ÞRÓUNARMÁL

Útgjöld til R&þ, útgjöld fyrirtækja og verg landsframleiðsla frá 1975 til 1997. Verðlag 1997.



Útgjöld til rannsókn- og þróunar- mála voru um 9 milljarðar árið 1997, samkvæmt könnun Rannís sem gerð var á síðasta ári. Þetta svarar til um 1,72% af vergri þjóðarframleiðslu. Til samanburðar var þetta hlutfall 1,57% árið 1995 þegar sams konar könnun var gerð. Íslensk fyrirtæki standa fyrir um 40% af heildarútgjöldunum en opinberar rannsóknastofnanir og menntastofnanir á háskólastigi samtals um 60%. Árið 1995 stóðu fyrirtæki fyrir 32% en opinberar stofnanir 68%. Fyrirtækin hafa þannig jafnt og þétt aukið hlutdeild sína í rannsókn- og þróunarstarfsemi eins og fram kemur á framangreindri mynd.

Þótt Íslendingar hafi á síðustu árum nálgast aðrar OECD þjóðir í útgjöldum til rannsókn- og þróunarstarfsemi í hlutfalli af þjóðarframleiðslu er ljóst að við erum enn talsvert undir meðaltali OECD ríkjanna sem var um 2,2% árið 1997. Það er því ljóst að hvergi má slaka á í þessum efnum ef við viljum vera á svipuðu róli og nágrannaþjóðir okkar.

STUÐNINGUR STJÓRNVALDA

Stjórnvöld víða um heim leggja stöðugt meiri áherslu á að efla nýsköpun og þróunarstarf á öllum sviðum atvinnulífsins. Þau styðja

nýsköpunar- og þróunarstarfsemi atvinnulífsins með ýmsum hætti - bæði beinum og óbeinum. Meðal mikilvægustu verkefna stjórnvalda í þessu sambandi er að tryggja gott framboð vel menntaðs starfslíðs. Þá þarf að skapa jákvæð starfsskilyrði og hvatningu til nýsköpunar jafnt í starfandi fyrirtækjum sem og sprotafyrirtækjum í nýjum starfsgreinum. Tryggja þarf að rannsókn- og menntastofnanir séu í sem bestum tengslum við atvinnulífið og að þær lagi sig stöðugt að þörfum þess. Tryggja verður að lög- og reglugerðir skapi ekki óþarfa hindranir fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Mörg ríki hafa farið þá leið að hvetja til nýsköpunar og þróunarstarfsemi gegnum skattkerfið með góðum árangri. Þá skipta aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu í atvinnulífinu, t.d. með hlutabréfakaupum, einnig máli. Starfsemi nýsköpunar- og rannsóknasjóða er einnig útbreidd aðferð til að auka áráði fyrirtækja og einstaklinga til að takast á við áhættusöm nýsköpunarverkefni sem geta lagt grunn að mikilvægum nýjungum. Þátttaka í alþjóðlegu rannsókn- og þróunarsamstarfi verður einnig stöðugt mikilvægari en stjórnvöld gegna stóru hlutverki í að tryggja íslenskum fyrirtækjum og

stofnunum aðgang að slíku samstarfi.

Í reynd er engin ein leið í stuðningi stjórnvalda sú „eina rétta.“ Þess vegna þarf stöðugt að huga að því sem betur má fara og prófa nýjar leiðir þar sem það getur örvað til dádá nýja aðila sem áður hafa talið sig afskipta. Þannig má segja að mikilvægt sé að tryggja stöðuga nýsköpun í nýsköpunarkerfinu. Hér þarf að laga sig að þeim breytingum sem verða á ytra og innra umhverfi fyrirtækjanna þannig að þau tækifæri, sem íslenskum fyrirtækjum bjóðast, nýtist sem best.

Núverandi ríkisstjórn hefur haft á stefnuskrá sinni að auka fjármagn til nýsköpunar og þróunarstarfsemi í þágu íslensks atvinnulífs. Þannig gaf stjórnin í upphafi kjörtímabilsins út þau fyrirheit að 16% þess fjármagns, sem aflaðist við sölu ríkisfyrirtækja, yrði varið til nýsköpunar og rannsóknar í þágu atvinnulífsins. Sala á hlutabréfum í ríkisfyrirtækjum gekk vel á síðasta ári og nú hefur í fyrsta sinn reynt á það hvort umrætt fjármagn skili sér í nýsköpunar- og þróunarstarfið. Það var því fagnaðarefni þegar ríkisstjórnin samþykkti nýlega að veita Rannís viðbótarfjármagn til þróunarstarfsemi á sviði upplýsingatækni og umhverfismála. Samþykktin felur í sér að á næstu sex árum verði allt að 580 milljónum króna varið til rannsókn- og þróunarstarfs. Þessari samþykkt fylgdi því miður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að tengja ekki lengur sölu ríkisfyrirtækja framlagi til rannsókna og þróunarmála. Þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar stóð því ekki lengi þegar á reyndi. Enn lifir þó vonin um að ríkisstjórnin kippi ekki að sér hendinni að nýju og að þessir fjármunir nýtist til að efla atvinnulífið á sem flestum sviðum.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Nýsköpunarsjóður hefur nú starf að rúmlega eitt ár. Starfsemi sjóðsins skiptist í Stofnsjóð, Trygginga-deild útflutningslána og Vöruþróunar- og markaðsdeild en starfsemi stofnsjóðs skiptist í hlutafjárþátt, víkjandi lán og styrki. Við stofnun sjóðsins var ákveðið að hann fengi til ráðstöfunar einn milljarð af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Þessum fjármunum á að verja til hlutabréfakaupa í svonefndum Framtakssjóði í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátekni. Þessir fjármunir voru greiddir til sjóðsins fyrir síðustu áramót og er um þessar mundir unnið að mótun þeirrar starfsemi.

Á því ári, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa Stofnsjóði borist 164 styrkumsóknir. Alls voru afgreidd á árinu 112 erindi þar af var 87 umsóknum hafnað en þátttaka ákveðin í 25 verkefnum. Í 22 þeirra var tekin ákvörðun um hlutafjárþátttöku og þremur veitt víkjandi lán. Þá voru 13 umsóknir dregnar til baka. Samtals hefur verið ráðstafað til þessara verkefna 866 milljónum króna. Þá hefur sjóðurinn veitt 75 milljónir króna í styrki til ýmissa átaks- og samstarfsverkefna en Stofnsjóður getur ráðstafað allt að 15% af ráðstöfunarfé sínu til slíkra verkefna gegn jafnháu framlagi Vöruþróunar- og markaðsdeildar þ.e. 37,5 milljónum króna frá hvor-um aðila.

Vöruþróunar- og markaðsdeild bárust á árinu 143 styrkumsóknir og höfðu 116 verið teknar til afgreiðslu um sl. áramót. Þar af var 42 umsóknum hafnað en 74 umsóknir samþykktar og þeim veittir styrkir samtals að fjárhæð 124,5 milljónir

króna. Spurn eftir þjónustu deildarinnar óx eftir því sem leið á árið og um áramót voru 27 umsóknir óafgreiddar. Þar af var beðið gagna í 18 verkefnum en 9 voru í vinnslu. Upphaflega var gert ráð fyrir að starfsemi deildarinnar yrði lögð niður að þremur starfsárum liðnum. Samtök iðnaðarins beittu sér hins vegar fyrir að fá þessu ákvæði í lögum sjóðsins breytt þannig að líftími deildarinnar yrði ótilgreindur og iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi tillögu um laga-breytingu þar að lútandi og er vonast til að breytingin nái fram að ganga sem fyrst.

RANNSÓKNARRÁÐ ÍSLANDS

Rannsóknarráð Íslands starfrækir þrjá megin sjóði – Vísindasjóð, Tæknisjóð og Bygginga- og tækja-sjóð.

Hlutverk vísindasjóðs er að efla vísindarannsóknir og fær framlag sitt frá Seðlabanka Íslands og ríkissjóði. Ráðstöfunarfé sjóðsins á síðasta ári var samtals 165 milljónir króna og voru veittir 212 styrkir en alls bárust 357 styrkumsóknir.

Bygginga- og tækjasjóður úthlutaði alls 86 milljónum króna á árinu, í 31 tækjakaupastyrk og 5 styrkjum til framkvæmda. Alls bárust sjóðnum 41 umsókn vegna tækjakaupa og 8 vegna framkvæmda samtals að fjárhæð um 121 milljón króna.

Tæknisjóði bárust alls 156 umsóknir vegna verkefna og voru 100 samþykktar samtals að fjárhæð 177 milljónir króna. Tæknisjóður veitir auk þess styrki til að ráða tæknimenn í fyrirtæki, styrki vegna forverkefna og kynninga ásamt styrkjum til undirbúnings Evrópuverkefna. Á síðasta ári voru veittir 11 nýir styrkir til þriggja ára vegna tæknimanna í fyrirtækjum. Þá voru



veittir 11 forverkefna- og kynningarstyrkir.

Á síðasta ári var skipuð nefnd til að gera úttekt á starfsemi Tæknisjóðs. Nefndin var skipuð þeim Stefáni Ólafssyni prófessor, Páli Guðjónssyni, framkvæmdastjóra og Páli Kr. Pálssyni, forstjóra. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að Tæknisjóður hafi takmarkað bolmagn til að mæta þörfum fyrirtækja fyrir fjármagn til rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Brýnt er talið að hækka styrkveitingar til einstakra verkefna en meðalstyrkfjárhæð er mun lægri hjá Rannís en hjá sam-bærilegum sjóðum annars staðar á Norðurlöndum. Auk þess að leggja til að ríkissjóður auki framlag sitt til Rannís og að styrkir verði hækkaðir leggur nefndin til að stigin verði afgerandi skref í átt til sameiningar Tæknisjóðs og Vísindasjóðs.

Þótt margar gagnlegar ábendingar geti komið út úr úttektarvinnu af þessu tagi benda Samtök iðnaðarins á mikilvægi þess að haft sé samráð við helstu hagsmunaaðila áður en ráðist er í gagnrægar breytingar. Í þessu sambandi minna Samtökin á stefnumótunarvinnu sem fram fór fyrir rúmu ári þegar um 50 manns komu saman til að móta framtíð og forgangsöröðun í starfsemi Rannís til næstu ára. Þar komu einnig fram margar ábendingar um forgangsöröðun sem sterk samstaða náðist um.

Það var og er enn von Samtaka iðnaðarins að sú vinna ásamt virkari þátttöku atvinnulífsins í stjórn-skipulagi Rannís eigi eftir að skila sér í meiri samhæfingu fyrirtækja og stofnana, bættri nýtingu fjármagns, aukinni skilvirkni og árangri rannsókna í þágu atvinnulífsins á komandi árum.

Eitt af þeim brýnu verkefnum, sem þarf að huga að í þessu sambandi, er betra aðgengi fyrirtækja að sjóðnum í einfaldara og opnara umsóknarferli en nú er. Samtök iðnaðarins hafa lengi talið æskilegt að unnt verði að sækja um verkefnastyrki nokkrum sinnum á ári eða hafa frestinn jafnvel ótakmarkaðan. Einnig þarf að einfalda umsóknareyðublöðin og draga skýrar fram aðalatriði við mat á verkefnum – þ.e. nýnæmi, verðmætasköpun og árangurslíkur.

RANNSÓKNASTOFNANIR ATVINNUVEGANNA

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna taki mið af þörfum

íslenskra fyrirtækja og þær lagi sig stöðugt að breytingum á tækni- og þróunarumhverfi fyrirtækjanna, jafnframt því að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem veitir aðgang að tækni og þekkingu sem nýst getur fyrirtækjunum.

Nokkur minni háttar skref voru stigin í átt að auknu samstarfi rannsóknastofnana atvinnuveganna á síðasta ári með tveimur samningum Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um matvælarannsóknir og efnagreiningar. Þrátt fyrir áframhaldandi umræðu um skipulag rannsóknastofnana atvinnuveganna hefur lítið orðið ágengt í stærri sameiningarmálum stofnana iðnaðarins.

Síðasta ár var ár stefnumörkunar og verulegra skipulags- og áherslubreytinga hjá Iðntæknistofnun Íslands. M.a. hefur verið unnið samkvæmt samningi iðnaðar- og viðskiptaráðherra að því að aðgreina rekstur stofnunarinnar í samkeppnisrekstur og ríkisrekstur. Á sama tíma hafa verulegar breytingar átt sér stað í ríkisrekstri. Áætlanir

liggja fyrir um aukinn stuðning við frumkvöðla, ný og lítil fyrirtæki í sérstöku frumkvöðlasetri. Þá hefur nokkuð verið rætt að stækka húsnaði starfseminnar sem er í örum vexti. Ekki hefur þó verið tekin lokaákvörðun í því máli.

Eins og fram kom í síðustu árs-skýrslu hafa Samtök iðnaðarins vaxandi áhyggjur af því að hin aukna áhersla, sem verið hefur á Evrópuverkefni, færi rannsóknastofnanir atvinnuveganna lengra frá íslenskum fyrirtækjum. Verði jafnframt haldið áfram að skera niður framlög til þessara stofnana á fjárlögum verður stöðugt erfiðara að byggja upp aðra ráðgjafarþjónustu á samkeppnismarkaði. Slíkt leiðir aðeins til þekkingarlegrar útþynningar og aukinnar samkeppni við ráðgjafafyrirtækin um takmarkaða þætti í rekstrarráðgjöf. Þótt samkeppni sé af hinu góða, svo langt sem hún nær, verður skortur þekkingar á sérhæfðum framleiðslu- og tæknisviðum tilfinnanlegur þegar fram í sækir.

NORRÆNT SAMSTARF

FORMANNAFUNDIR

Hinn árlegi fundur formanna iðn- og atvinnurekenda var að þessu sinni haldinn á Höfn í Hornafirði dagana 27.–29. ágúst sl. Auk hefðbundins yfirlits um efnahags- og atvinnumál voru þrjú mál á dagskrá: Reglur um ríkisstyrki, reglubyrði og verkefni og vinnulag UNICE þegar kjara- og félagsleg málefni eiga í hlut. Fyrirferðarmest á fundinum var umræðan um sívaxandi reglubyrði og leiðir til þess að sporna við henni. Sveinn Hannesson flutti innangangserindi sem hann kallaði *Det offentlige bøvl - Negative konsekvenser for erhvervslivets konkurrenceevne og omkostninger*. Í umræðum kom í ljós að vandamál in eru áþekkt og viðurkennd en erfiðar gengur að finna nothæfar aðferðir til þess að vinda ofan af reglufárinu. Einn Svíanna á fundinum tók sem dæmi að fyrir skömmu tóku gildi ný matvælalög þar í landi. Þegar stofnun sú, sem fer með matvælaeftirlit Svía, hafði sett þær reglur, sem hún taldi nauðsynlegar til þess að framfylgja lögnum, kom í ljós að fyrir hvert eitt orð í lagatextanum birtust 300 í reglugerðum. Niðurstaða fundarins varð sú að nauðsyn bæri til þess að tekin verði pólitísk ábyrgð á málinu á æðstu stöðum löggjafar- og framkvæmdavalds til þess að vinna að því að leysa vandann. Gerist það ekki er tómmt mál að tala um árangur.

RÁÐ LÍTILLA OG MEDALSTÓRRA FYRIRTÆKJA Á NORÐURLÖNDUM

Fundir í þeim félagsskap eru haldnir einu sinni á ári. Að þessu sinni var fundurinn haldinn í Helsinki í Finnlandi á vegum samtakanna Företagarna i Finland í lok ágúst. Fulltrúar Samtaka iðnaðarins áttu ekki heimangengt á þessum

tíma og sóttu því ekki fundinn að þessu sinni. Næsti fundur verður hér á landi í haust.

VIÐSKIPTAMÁL

Einu sinni til tvisvar á ári koma saman fulltrúar systursamtakanna á Norðurlöndum til þess að fjalla um það sem er efst á baugi í þróun milliríkjasamninga og um viðskipti og stefnu stjórnvalda einstakra ríkja í þeim efnum. Á síðasta ári var haldinn einn fundur í október og þá í Stafangri í Noregi. Á fundinum var auk annars fjallað um Alþjóðaviðskiptastofnunina WTO, EES-samninginn og MAI-samninginn en framtíð hans er í algærri óvissu um þessar mundir. Sá samningur fjallar um alþjóðlegar fjárfestingar og hefur verið í undirbúningi á vettvangi OECD.

FYRIRTÆKJA- OG VIÐSKIPTALÖGGJÖF

Árlegur fundur lögfræðinga systursamtakanna á Norðurlöndum var haldinn í Osló dagana 28.–29. september sl. Þar voru til umfjöllunar skipulag neytendamála og aðkoma opinberra aðila að þeim, t.d. í tengslum við umhverfismál. Danir hafa áhyggjur af að blanda um of saman staðreyndum og stjórnmálum. Rætt var um samkeppnisreglur, einkum ný samkeppnislög Dana. Þá var á dagskránni hugverkaréttur, einkaleyfi, opinber útboð, samkeppnismál, lög um meðferð persónuupplýsinga o.fl. Tæpt var á lagalegum álitamálum vegna tjóns, sem kann að verða um aldamótin, fari hug- og tölvubúnaður úr skorðum. Sænskir iðnrekendur hafa lagt til við sín fyrirtæki að þau geri sérstaka grein fyrir stöðu þessara mála í ársreikningum. Danirnir bentu á að athyglisverðan fróðleik um lög-

fræðilega hlið þessa máls er að finna á www.2000parat.dk/jura/.

FUNDUR TÆKNIFYRIRTÆKJA UM NÝJA FRAMLEIÐSLUHÆTTI OG ÁRANGUR Á HEIMSMÆLIKVARÐA

Samtök iðnaðarins tóku í fyrsta sinn í september síðastliðnum þátt í samstarfsneti norrænna samtaka sem gæta sérstaklega hagsmuna tæknifyrirtækja á Norðurlöndum. Þessi samtök eru ýmist sjálfstæð samtök eða sérsambönd innan samtaka iðn- og atvinnurekenda. Hópurinn nefnir sig SVAPU-TEC og sækir uppruna sinn til SVAPU sem eru mál- og rafeindafyrirtæki á Norðurlöndum. Aðildarfélög hópsins eru auk SI; Dansk Industri, Sveriges Verkstedsforening; Teknologibedriftenes Landsforening í Noregi og FIMET í Finnlandi. SVAPU-TEC hópurinn leggur megináherslu á málefni sem snúa að framleiðslu, þróun og tæknimálum fyrirtækja og stjórnun þar að lútandi.

Fyrsta verkefni hópsins var að standa að vinnufundi í Kaupmannahöfn um „Árangur á heimsmælikvarða“ „How to gain World Class Performance in Manufacturing“. Vinnufundurinn tókst vel og voru saman komnir 50 fulltrúar fyrirtækja, tækniháskóla og stofnana til þess að ræða málin, þar af þrír frá Íslandi. Eitt af því, sem þátttakendur töldu mikilvægt fyrir hópinn að vinna að í framtíðinni, var að mynda netsamstarf um að fá fólk með þekkingu á heimsmælikvarða víða um heim til fyrirlestra- og námskeiðahalds á Norðurlöndum. Slíkt væri dýrt en með samstarfi væri hægt að lækka þann kostnað verulega. Þá var rætt um að koma upp sameiginlegum gagnagrunni á netinu með nöfnum fyrirlesara, fyr-



irtækja, háskóla og stofnana sem hafa áhugaverða þekkingu fram að færa, þannig að hægt sé að sækja í þann grunn þegar aðildarfélögin undirbúa ráðstefnur, námskeið eða aðrar uppákomur þar sem þörf er fyrir erlenda fyrirlesara.

Hópurinn hittist aftur í Stokkhólmi í desember sl. en þá var heimsóttur Tækniháskólinn í Stokkhólmi og skoðuð hönnunaraðstaða sem byggist á sýndarveruleika

í þrívíddarrými í stærðinni 3x3 m og er stýrt af ofurtölvum og skjávörpum. Slík aðstaða nýtist til ýmiss konar tæknilegra hönnunarverkefna og prófana. Næsti fundur hópsins er fyrirhugaður á Íslandi í apríl í tengslum við norræna námsstefnu um iðnhönnun og vöruþróun sem er í undirbúningi í samstarfi við Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun og Nýsköpunarsjóð.

RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Á liðnu ári voru haldnir fimm fundir í ráðgjafarnefnd EFTA, þrír í Brussel, einn í Genf og einn í Reykjavík. Auk hefðbundinna viðfangsefna hefur sérstök áhersla ver-

ið lögð á fjóra þætti í starfi nefndarinnar en þeir eru sameiginlegi markaðurinn, atvinnu- og félagsmál, stækkun ESB og umhverfis- og orkumál.

Í júní var í Reykjavík haldinn eini fundur ársins í ráðgjafarnefnd EES. Þar voru á dagskrá sameiginlegi markaðurinn, stækkun ESB, atvinnumál, umhverfismál og evran.

SAMTÖK IÐN- OG ATVINNUREKENDA Í EVRÓPU – UNICE

Á árinu urðu bæði framkvæmdastjóra- og forsetaskipti hjá UNICE. Hollendingurinn Dirk Hudig tók við af Zygmunt Tyszkiewicz sem framkvæmdastjóri samtakanna en Belginn George Jacobs var kosinn forseti þeirra á fundi í London í júní. Í kjölfar þessara umskipta hafa orðið talsverðar umræður um breyttar áherslur í starfsemi UNICE og þá með hvaða hætti megi gera samtökin áhrifameiri á Evrópuvettvangi.

EVAN, SKATTAR OG SAMKEPPNISHÆFNI

Starfsemi UNICE er mjög víðamikil enda eru samtökin umsagnaraðili gagnvart framkvæmdastjórn

ESB um allar tillögur sem snerta fyrirtæki innan EES. Áætlað er að allt að 80% allra tillagna framkvæmdastjórnarinnar snerti hagfyrirtækja á einn eða annan hátt.

UNICE lét mjög til sín taka í undirbúningi undir sameiginlegan gjaldmiðil og gjaldmiðilssambandið. Á sínum tíma beittu samtökin sér af afli til að ná þessu máli fram. UNICE stóð fyrir víðtæku samráði meðal aðildarsamtakanna um gerð og dreifingu upplýsinga um evruna og áhrif hennar á hag fyrirtækja. Íslensku samtökin tóku þátt í þessu samráði.

Töluverð vinna var lögð í umfjöllun um skattamál innan ESB en lítið

er svo á að aðildarríkin beiti skattareglum sem viðskiptahindrun og til að mismuna fyrirtækjum. UNICE hefur tekið undir nauðsyn þess að skattar verði samræmdir á innri markaðinum en skoðanir eru skiptar um þær forsendur sem ganga ætti út frá. Í rauninni snýst umræðan um það hvort samræma eigi reglur eða skatthlutföll.

UNICE hefur á undanförunum árum tekist að koma samkeppnishæfni atvinnulífsins á dagskrá. Nú þegar hafa komið út tvær skýrslur sem fjalla um þetta efni og á vegum samtakanna er nú unnið að þeirri þriðju.

UNICE OG UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ

Nýr framkvæmdastjóri hefur lagt mikla áherslu á að UNICE tileinki sér nútíma samskiptaaðferðir en samtökin hafa dregist mjög aftur úr á því sviði. Á árinu urðu mikil umskipti í samskiptum skrifstofunnar í Brussel við fastafulltrúa og aðildarsamtök. Nánast allt efni, sem sent er út, fer í tölvupósti og stefnt er að

því að setja upp heimasíðu á fyrri hluta næsta árs og gagnagrunn í framhaldi af því.

STÆKKUN ESB

UNICE hefur látið til sín taka í umfjöllun um stækkun ESB til austurs. Unnið er að því að koma á formlegum samskiptum við samtök iðn- og atvinnurekenda í væntanlegum aðildarríkjum sambandsins.

Á árinu voru samþykktar nýjar viðmiðunarreglur um aðild að UNICE sem gera ráð fyrir að ný aðildarsamtök komi frá landi, sem hefur sótt um aðild að ESB, hygðst sækja um aðild eða er aðili að EES.

Samstarf norrænu samtakanna innan UNICE er bæði náð og árangursríkt sem fyrr.

EVROÐUSKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS Í BRUSSEL – ESAB

Í september síðastliðnum voru rétt fimm ár frá formlegri stofnun skrifstofunnar. Eðli málsins samkvæmt er starfsemin að þessum fimm árum liðnum ekki í fastari skorðum nú en hún var í upphafi. Starfsumhverfi og áherslur skrifstofunnar breytast í takt við þróun ESB og EES. Nýjar áherslur og óvæntar upptækur ráða ferðinni.

ERINDREKSTUR

Drjúgur tími fer í hið svokallaða samráð aðila vinnumarkaðarins en það er sá þáttur starfseminnar sem fær mesta umfjöllun opinberlega. Auðvitað skiptir þetta samráð miklu máli og íslensku samtökin hafa tekið þá afstöðu að skynsam-

legt sé að taka fullan þátt í því og reyna á þann hátt að hafa áhrif á vinnumarkaðslöggjöf innan ESB þrátt fyrir óljósar samningsbundnar forsendur.

Fyrir utan stækkun ESB og þá í leiðinni EES hefur verið lögð áhersla á að afla upplýsinga um evruna, félagsmál og umhverfismál. Flest bendir til þess að vænta megi aukinna umsvifa ESB á öllum þessum sviðum í framtíðinni. Með staðfestingu Amsterdamsáttmálans verða vinnumarkaðsmál enn snarari þáttur í samstarfinu en áður. Staða EFTA ríkjanna í því samstarfi er enn óljós og lítil sem engin umræða hefur farið fram um þetta efni innan þeirra.

Fundir og frásagnir af þeim eru fyrirferðarmikill þáttur í starfi ESAB. Reynt er eftir megni að láta sem fæst, sem skiptir máli, fara fram hjá skrifstofunni og að sama skapi að vekja athygli þeirra sem málið varðar á hagsmunum íslenskra fyrirtækja. Á árinu var tekinn ákvörðun um breytt fyrirkomulag á útgáfustarfsemi ESAB. Evrópufréttir, sem hafa verið gefnar út í fimm ár, hætta að birtast í þeirri mynd sem verið hefur. Næsta misseri verður notað til þess að þróa hentugri og árangursríkari samskiptaaðferðir við þá sem málið varðar.

MANNVIRKJAGERÐ

BYGGINGARIÐNAÐUR

Starfsgreinahópur í byggingariðnaði fundaði 9 sinnum á síðasta ári. Eðli málsins samkvæmt var mikið rætt um gerð nýrrar byggingareglugerðar og hvaða áhrif hún hefði. Ný lög um Íbúðalánasjóð voru einnig kynnt og gerðu Samtök iðnaðarins ásamt Vinnuveitendasambandinu sameiginlega umsögn um frumvarpið. Lögin voru kynnt í starfsgreinahópnum sem og á fundum hjá meistarafélögum. Ljóst er að lögin um Íbúðalánasjóð eru skref í rétta átt í íbúðalánakerfinu og gera verk-tökum kleift að stofna fyrirtæki til að byggja og leigja út íbúðir.

Fyrirtæki og félög innan Samtakanna voru heimsótt á árinu. Slíkar heimsóknir eru ánægjulegar og gefa gott tækifæri til að kynnst betur starfsemi félagsmanna og hverjar þarfirnar eru.

Samtök iðnaðarins tóku á sl. ári þátt í vinnslu verkefnisins *Námur efnisgæði og umhverfi*. Verkefnið er styrkt úr sjóðum Rannsóknarráðs Íslands og unnið með Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og ERGO. Hafa niðurstöður verkefnisins verið kynntar með formlegum hætti á ráðstefnu. Markmið þess var að gera tillögu að aðferð til að skrá námur, staðsetningu þeirra og efnisgæði. Náttúrufræðistofnun Íslands

hefur verið falið þetta verkefni með breytingum á lögum um stofnunina. Lagabreytingin var gerð í desember sl. Þá hefur einnig verið unnið að því að kanna hvernig hinar ýmsu gerðir malarbrjóta vinna á ólíkum bergtegundum.

Byggingadagar voru haldnir á vordögum og fyrirtæki í Hafnarfirði voru einnig með opið hús. Aðsókn að Byggingadögum sló öll fyrri met.

Staða greinarinnar hefur batnað undanfarin tvö ár. Það er ljóst að stóriðju- og virkjanaframkvæmdir hafa haft mikil áhrif á markaðinn og verið sem innspýting í hagkerfi þjóðarinnar. Íbúðabyggingum hefur heldur fjölgað en þó ekki í líkingu við byggingu atvinnuhúsnæðis.

ÚTBODSMÁL – ÚTBODSKÖNNUN


Á árinu voru athuguð útboð opinberra aðila síðastliðin tvö ár. Niðurstöður þeirrar athugunar hafa verið kynntar undanfarna mánuði og má segja að þær hafi ekki komið neinum á óvart. Þar fékkst staðfest að opinberir aðilar bjóða út yfir 50% verkefna sinna í apríl, maí og júní. Um 80% verkefna á að ljúka í september og október og langalgengasti verktíminn er tveir til fjórir mánuðir. Þá kom greinilega fram að tilbodsfrestur er stuttur, allt niður í 5

daga. Niðurstöðurnar eru birtar hér á síðunni og tala sínu máli.


Þessi ójafna dreifing útboða og stuttur verktími voru kynnt samgöngunefnd Alþingis á fundi sl. haust. Fram kom að þar eð vegáætlan hefur nú verið samþykkt til þriggja ára er ekkert því til fyrirstöðu að bjóða verkefni fyrr út. Í kjölfarið var Vegagerðinni sent bréf um efni fundarins. Í svari kom fram að stefna Vegagerðarinnar er að dreifa útboðum helst þannig að sem minnst samþjöppun eigi sér stað. Á fundi með borgarstjóra og borgarverkræðingi var einnig kynnt samþjöppun útboða og stuttur verktími.

Eins og undanfarin ár koma ávallt upp vandamál varðandi meðferð tilboda og útboðsferlið í heild. Samtökin hafa aðstoðað félagsmenn í þessum efnum og reynt að rétta hlut þeirra. Á árinu var í fyrsta skipti boðin út bygging húss þar sem verktaki byggir, á og rekur húsnæði fyrir opinbera stofnun. Telja má víst að slíkt útboðsform eigi eftir að ryðja sér til rúms. Þetta er nýtt fyrirkomulag hér á landi og nauðsynlegt að vel sé til vandað. Einnhverjir agnúar hafa komið fram og nauðsynlegt að þeir séu sniðnir af svo að þessu útboðsformi verði ekki hafnað á fyrstu skrefum þess hér á landi.


Verktími opinberra framkvæmda



Verklok opinberra framkvæmda



Dreifing opinberra útboða



GÆÐASTJÓRNUNARÁTAK Í BYGGINGAGREINUM

Gæðastjórnunarátaki því, sem hófst haustið 1997 með innlögnum gæðastjórnunarkerfis í nokkur fyrirtæki í pípulögnum og blikksmíði, hefur verið fram haldið. Á vordögum luku fyrstu 14 fyrirtækin verkefninu. Var þeim veitt viðurkenning við opnun Byggingadaga í Laugardalshöll af því tilefni. Á liðnu hausti hófu önnur 14 fyrirtæki ferli sitt við innlögnum gæðastjórnunar í rekstur sinn og áætlað er að þau hafi flest lokið því verki næsta sumar.

Stjórn Samtaka iðnaðarins samþykkti á fundi síðla hausts að rétt væri að fleiri greinar innan byggingariðnaðarins ættu kost á að innleiða hjá sér gæðastjórnun byggða á sama grunni og lagnafyrirtækin hafa gert. Haldnir hafa verið nokkrir kynningarfundir um málið meðal faggreinafélaganna. Nú er unnið að því að laga grunn gæðastjórnunarkerfa lagnagreina að húsasmíði. Á næstunni verður leitað eftir fyrirtækjum sem vilja vera með í undanfarið og m.a. taka þátt í að semja og setja upp hinn faglega hluta þess kerfis.

NÝ SKIPULAGS- OG BYGGINGALÖG

Um áramótin 1997/1998 tóku gildi ný skipulags- og byggingalög.

Þá hafði verið steypst saman í einn lagabálk fyrri skipulagslögum og byggingarlögum með verulegum breytingum eftir langa „meðgöngu“ á Alþingi. Samtímis skyldu taka

gildi nýjar sjálfstæðar reglugerðir um skipulags- og byggingamál.

Þegar tillögur að nýrri byggingareglugerð lágu fyrir, en þær voru samdar af vinnuhópi nú opinberra embættismanna, þótti Samtökum iðnaðarins þær allsendis óboðlegar. Áttu þau því frumkvæði að því að kalla saman fulltrúa félagasamtaka þeirra sem tengjast byggingariðnaði til þess að ræða stöðu mála. Varð niðurstaðan sú að fulltrúar þessara samtaka, sem alls urðu átta, gengu á fund umhverfisráðherra með bréf upp á vasann þar sem þess var krafist að gildistöku laganna og reglugerðanna yrði frestað meðan samdar yrðu haldbærari reglugerðir en þær sem fyrir lágu. Félst ráðherra á að fresta gildistöku þeirra um hálf ár og fór þess jafnframt á leit við Samtökin að þau skipuðu fulltrúa sinn í vinnuhóp ráðuneytisins um samningu byggingareglugerðarinnar og yrði hann jafnframt tengiliður hinna félagasamtakanna.

Í byrjun desember 1997 hófst svo vinna við endursamningu fyrri draga byggingareglugerðarinnar. Hver samtök tóku þann hluta reglugerðarinnar, sem að þeim sneri, til sérstakrar meðferðar og lagði tillögurnar í sameiginlegan pott. Upp úr honum voru svo unnar þær tillögur sem fulltrúi Samtakanna fór með í vinnuhóp ráðuneytisins. Á þennan hátt tókst að fá hópinn til að koma

fram sem ein heild gagnvart ráðuneytishópnum þótt oft hafi sitt sýnst hverjum á vinnufundum samtakanna.

Sameiginlegir vinnufundir samtakanna urðu u.þ.b. 30 og fundir í vinnuhópi ráðuneytisins urðu 24 eftir að fulltrúi Samtakanna tók þar sæti auk þess sem ómæld vinna var lögð af mörkum milli allra þessara funda m.a. vegna þeirrar víðtæku samræmingar sem þurfti að eiga sér stað.

Óhætt er að fullyrða að sú mikla vinna hafi skilað sér í mun betri reglugerð þegar hún tók gildi 18. júlí sl. en þau drög, sem lögð voru fram til kynningar í byrjun nóvember, 1997 gáfu fyrirheit um. Í þessari vinnu kom í ljós að miklu fleira sameinar hinar ólíku greinar byggingariðnaðarins en það sem skilur þær að. Fulltrúar þessara átta félagasamtaka munu koma saman í byrjun þessa árs til að meta árangur starfsins, hvernig nýja reglugerðin reynist í framkvæmd og hvort halda beri einhverju samstarfi áfram á þessum grundvelli.

ERLENT SAMSTARF – SÝNINGAR

Ákveðið var að Samtök iðnaðarins hættu þátttöku í FIEC, Evrópusamtökum verktaka á síðasta ári. Því starfi hafði ekki verið sinnt undanfarið ár og því var ákveðið að hætta félagsþátttöku þar um sinn. Samstarf við systurfélög á Norðurlöndum var á hinn bóginn styrkt. Sóttur var norrænn fundur um afkomu og horfur í byggingariðnaði á Norðurlöndum.

Á árinu var efnt til hópferðar á Bautech, byggingasýningu í Berlín og skoðaðar byggingaframkvæmdir í miðborg Berlínar.



JARÐVINNUVERKTAKAR – FÉLAG VINNUVÉLAEIGENDA

Verkefnaframboð var með besta móti á jarðvinnumarkaði á síðasta ári. Árið einkenndist öðru fremur af mikilli endurnýjun tækja. Innflutningur tækja jókst mikið miðað við fyrra ár. Upp úr miðju sumri dró verulega úr framboði stórra verkefna en það endurspegladist í verðlagi á seinni hluta ársins. Verulegur hluti þeirra verkefna, sem boðin voru út á haustmánuðum og fyrrihluta vetrar, fóru á 65% af kostnaðaráætlun. Í ljósi þessarar þróunar og mikillar endurnýjunar tækja voru kannaðir möguleikar á að selja notaðar vinnuvélar úr landi. Uppboðsmarkaður notaðra vinnuvéla í Rotterdam var heimsóttur og kynntur verktökum í Íslenskum iðnaði og Viðskiptablaðinu.

ÓJAFNT VERKEFNAFRAMBOD

Á markaði opinberra framkvæmda hefur ójafnt verkefnaframboð öðru fremur einkennt markaðinn. Hann er yfirspenntur yfir hásumarið en framboð verkefna á öðrum árstímum takmarkað. Það er tvímælalaust til hagsbóta bæði fyrir verktaka og verkkaupa að jafna álagið. Engin rök mæla með að langflest stór útboð skuli gerð í apríl

en verklok í október. Í viðræðum við opinbera verkkaupa gætir skilnings á þessum vanda og því er verðugt verkefni að fylgja því eftir að úr verði bætt.

MENNTAMÁL

Á vegum Félags vinnuvélaeigenda hefur starfað menntanefnd sem í eiga sæti Andrés Sigurðsson í Loftorku og Eiður Haraldsson í Háfelli auk Árna Jóhannssonar starfsmanns félagsins. Nefndinni var falið að kanna menntamál vinnuvélastjóra í nágrannalöndunum og gera tillögur um hvert félaginu beri að stefna í menntamálum. Síðastliðið vor hélt hópurinn fund með fulltrúa írska vinnuveitendasambandsins þegar hann var hér á ferð og einnig heimsótti hún systurfélög í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. – Niðurstaða nefndarinnar er afdráttarlaust sú að farsælast sé að líta til Noregs. Þar er menntun vinnuvélstjóra og viðgerðarmanna vinnuvéla hluti af venjulegu iðnnámi og veitir t.d. rétt til frekara náms í tækniskóla. Hefur nefndin kynnt menntamálaráðuneytinu skoðanir sínar og óskað eftir viðræðum um frekari framvindu og framgang málsins.

HÆTT VAR VIÐ UPPTÖKU OLÍUGJALDS OG ÞUNGASKATTI VAR BREYTT Í TVÍGANG Á ÁRINU

Síðastliðið vor voru felld úr gildi lög um olíugjald sem átti að koma til framkvæmda 1. janúar sl. Laga-breytingin var nokkuð sérstök því að nánast öll samtök þeirra, sem greiða þungaskatt í atvinnuskyni, voru reiðubúin að samþykkja upptöku olíugjalds í stað þungaskatts, jafnvel þótt finna mætti dæmi um

hækkun gjalda, því að brýnt þótti að losna undan gamaldags og úreltri innheimtu þungaskattsins. Ekki er algengt að samstaða náist um svo viðamikla breytingu hjá breiðum hópi gjaldenda. Kostir nútímalegri skattheimtu voru metnir meiri en kostnaðaraukinn sem fólst í upptöku olíugjalds. Þar með gafst Alþingi einstakt tækifæri til leggja af úrelta skattheimtu og færa hana nær vestrænni gjalddöku. Ekki tókst þessum aðilum að sannfæra Alþingi um ágæti olíugjalds. Það taldi ekki nauðsynlegt að íslenskt atvinnulíf byggi við sambærilega skattheimtu og í samkeppnislöndunum.

Alþingi leit ekki svo á að álagning olíugjalds væri umhverfismál og hefði áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og vildi ekki taka upp skattheimtu sem eykur meðvitund um olíunotkun og stuðlar að betri nýtingu hennar og dregur úr soun.

Þá var heldur ekki talið nauðsynlegt að breyta eðli skattheimtunnar og byrja að endurnýja úreltan bifreiðafloata sem ella verður fyrr en seinna settur í akstursbann af reglugerðum Evrópusambandsins. Þess í stað kusu þingmenn að lappa enn einu sinni upp á þungaskattskerfið, breyta kílómetragjaldi og jafnframt leggja fast gjald (100.000 krónur) á þung ökutæki auk kílómetragjalds. Til að kóróna enn frekar vinnubrögðin var þungaskatti enn og aftur breytt og hann hækkaður nokkrum mánuðum seinna eða skömmu fyrir jól. Af allri þeirri málsmeðferð mátti helst ráða að viljandi væri búin til tímapressa til að tryggja að málið færi sem hraðast gegnum þingið.

HÚSHLUTA-, HÚSGAGNA- OG INNRETTINGAIÐNAÐUR

Í starfsemi Samtaka íslenskra húshlutaframleiðenda bar hæst vinnu í tengslum við nýja byggingareglugerð. Í drögum að reglugerðinni vaknaði upp gamall draugur í málefnum framleiðenda húshluta. Félagið hafði árum saman barist fyrir breytingum á byggingareglugerðinni til að afnema mismunun á kröfum til verksmiðjuframleiddra húsa og húshluta og þeirra sem framleidd eru á byggingarstað. Þær breytingar sem félagið hafði knúið fram á byggingareglugerð, höfðu ekki ratað inn í hina nýju reglugerð sem kynnt var sl. vetur en sem betur fer tókst á elleftu stundu að lagfæra drögin áður en að kom að endanlegri útgáfu eins lýst er hér að framan.

Á síðasta ári varð Meistarafélag

bólstrara 70 ára. Afmælisins var minnst af myndarskap með stór-sýningu í Perlunni síðastliðið haust þar sem bólstrarar sýndu og kynntu rækilega handverk sitt. Fyrirtækjum í húsgagnaiðnaði var boðin þátttaka og var sýningin fjölsótt og vakti verðskuldaða athygli. Þar sýndi Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda endurgert sveinsstykki (dragkistu) Jóns Jónssonar sem hann smíðaði í Kaupmannahöfn árið 1851. Sennilega er kistan fyrsta sveinstykki sem sögur fara af hér á landi. Kistan hefur varðveist ágætlega en að frumkvæði Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda, hefur verið gert við hana og hún verður í framtíðinni varðveitt á Nonnasafni á Akureyri. Verkefnastaða í bólstrun og húsgagna- og



innréttingaframleiðslu var sérstaklega góð á síðastliðnu ári. Mikil endurnýjun hefur orðið á vélakosti sem er algjör viðsnúningur frá því sem áður var. Þrátt fyrir aukna eftirpurn hefur verðlagning haldist óbreytt sem er nokkurt áhyggjuefni.

MÁLMIÐNAÐUR

Hin jákvæða þróun síðustu ára í málmiðnaðinum hélt áfram á síðastliðnu ári. Smátt og smátt er greinin að ná fyrri styrk eftir erfiðleikatíma um og eftir 1990. Víðast hvar hafa verkefni verið næg þótt stað- og tímabundnar aðstæður hafi verið misjafnar hjá einstaka fyrirtækjum. Velta hefur verið að aukast en ýmislegt bendir þó til þess að af-raksturinn verði ekki eins mikill og árið á undan. Veldur þar kostnaðarauki svo sem launaskrið sem málmiðnaðurinn á ekki svo auðvelt með að velta út í verðlagið og alls ekki ef um er að ræða útflutning eða framleiðslu í samkeppni við innflutning. Það eru því vísbendingar uppi um að samkeppnisstaða greinarinnar hafi veikst á síðasta ári enda þótt verkefnastaðan sé svipuð og verið hefur allra síðustu árin. Við þessu

þarf að bregðast annars vegar með því að bæta samkeppisstöðu einstakra fyrirtækja og greinarinnar í heild en hins vegar með því að taka á því langvarandi vandamáli sem þensla í sjávarútvegi hefur á aðrar atvinnugreinar, sem eru í opinni samkeppni.

Á vegum Samtakanna og fyrirtækja í málmiðnaðinum hefur verið unnið að margvíslegum málefnum sem eiga að bæta rekstur þeirra, auka framleiðni, gæði og færni starfsfólks.

MANNVIRKJAGERÐ

Á síðasta ári var áfram unnið við fjölbreytt verkefni á sviði mannvirkjagerðar. Þar voru áberandi uppbygging stóriðju í Hvalfirði og virkjunarframkvæmdir við Sultartanga. Enn er í fersku minni barátt-

an fyrir því að íslensk fyrirtæki í málmiðnaði fengju að koma með eðlilegum hætti að framkvæmdum við uppsetningu hreinsivirkis í nýja álverinu í Hvalfirði. Þau sönnuðu þó rækilega að þau gátu staðið við allar sínar skuldbindingar um þetta verk og var meira segja hrósað í hástert af þeim sem í besta falli drógu lappirnar þegar baráttan stóð sem hæst. Með gildum rökum er hægt að sýna fram á að ef þessi orusta hefði tapast hefðu fleiri verkefni verið í hættu svo sem viðamiklar málmiðnaðarframkvæmdir á Sultartanga á vegum íslenskra fyrirtækja og starfsmanna þeirra.

Menn hafa væntanlega einnig dregið lærdóm af þeim atburðum sem urðu í tengslum við starfsemi rússnesks fyrirtækis við sam- og uppsetningu rafmagnslínu fyrir



austan fjall. Sú ótrúlega atburðarás hefur m.a. leitt til þess að nú er verið að endurskoða allar reglur um innflutning vinnuafis til landsins svo og fyrirtæki sem oft á tíðum bjóða í verkefni á móti íslenskum fyrirtækjum og gera ekki ráð fyrir að þurfa að uppfylla sömu kröfur um laun, aðbúnað og hollustuhætti og þau íslensku.

SKIPAIÐNAÐUR

Á síðasta ári var verkefnastaða þess hluta skipaiðnaðarins, sem sinnir viðhaldi og viðgerðum, allbærileg – þegar á heildina er litið. Þróunin virðist vera að færast inn á þá braut að byggja yfir slíka starfsemi og geta þannig gert við skip og endurnýjað þau eftir atvikum óháð veðri og vindum. Eftir sem áður verður þessi þáttur skipaiðnaðarins ætíð sveiflukenndur og því er það eindregin skoðun innan greinarinnar að mjög nauðsynlegt sé að vinna að því að ná fyrri styrk í nýsmíðunum strax eftir aldamótin og auka hann síðan um 30% fyrir árið 2006.

Við framangreinda stefnumörkun var ákveðið að leita eftir samstarfi við ríkisvaldið og stilla saman strengi til stórra átaka á þessu sviði og nýta þá reynslu til að treysta samkeppnisstöðuna og geta þannig tekið þátt í framtíðaruppbyggingu íslenska fiskveiðiflotans.

Eins og kunnugt er taldi íslenskur

skipaiðnaður það mjög gott verkefni að hanna og smíða nýtt varðskip fyrir Landhelgisgæsluna. Með því yrðu fyrirtækin í greininni að mynda órofa samstöðu um verkið, fengju þjálfun í að vinna saman að slíku stórvirki, myndu beita nýjum og árangursríkari stjórnumarháttum og þyrftu að öðru leyti að standast ítrustu samkeppni. Að slíku verki loknu yrðu þau betur í stakk búin til að keppa um önnur stærri skipasmíðaverkefni og höfðu þá betur til íslenskra útgerða sem sæju sér hag í að láta smíða skip sín hér á landi eins og gert var í ríkum mæli á árum áður.

Ástæða er því til að þakka íslensku ríkisstjórninni vasklega framgöngu í máli þessu og áræði þegar ákveðið var að láta smíða skipið innanlands, hvað sem mót-mælum einstakra embættismanna hér á landi og í Brussel leið.

Nú hafa nokkrar helstu skipasmíðjur landsins stofnað hlutafélagið Skipasmíðjuna hf. og er fyrsta verkefni þess að vinna að samningsgerð um smíði varðsipsins. Með stofnun þess hafa smíðjurnar árétt- að að þær standa þétt saman um þetta viðmikla verkefni og nýta jafnframt reynsluna til enn frekari átaka.

Búið er við að viðræður hefjist um smíðasamning áður en langt um líður.

Nokkrar litlar skipasmíðjur hanna nú og smíða hvern bátinn á fætur öðrum og útgerðarmenn sýna þeim mikinn áhuga. Skrokkar þeirra eru ýmist smíðaðir hér á landi eða erlendis. Það er til marks um að samstarf við aðrar smíðjur innlendar sem erlendar er það sem koma skal.

SMÍÐI VÉLA OG TÆKJA

Eins og fram hefur komið í frétt-

um hefur orðið gríðarleg aukning í útflutningi á vélum og tækjum fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu undanfarin ár. Þetta er ein staðfesting þess að einn helsti vaxtarbroddur í íslenskum málmiðnaði er vinnsla úr ryðfríðum málum. Með samtvinnun við raftæknina (mekatroník) hefur tekist að þróa og smíða tæki fyrir matvælavinnslu sem orðin eru eftirsótt á alþjóðlegum mörkuðum. Verðmæti slíkra afurða eru mikil enda blandast saman hug- og handverk svo að úr verður dýrmæt framleiðsla sem viðskiptavinir eru tilbúnir að greiða vel fyrir.

BLIKKGREININ

Umfang verkefna innan blikkgreinarinnar á síðasta ári var talsvert. Miklar byggingaframkvæmdir réðu þar mestu. Athygli hefur vakið hversu miklar mjög verklað og tækni hafa breyst síðustu misseri innan greinarinnar. Nægir þar að nefna að æ fleiri smíðjur hafa tekið í notkun tölvustýrðar vélar við hönnun verka, undirbúning þeirra og smíði. Afköst og öll nákvæmni hafa stóruð frá því sem áður var svo að segja má að fagið hafi tekið á sig nýja mynd.

Þetta er til marks um að blikk-smíðameistarar fylgjast vel með nýjustu tækni og nýta sér það sem álitilegt er án þess að gleypa við öllu gagnrýnislaust.

Blikk-smíðjueigendur hafa margir hverjir tekið þátt í gæðaátaki á vegum Samtaka iðnaðarins. Liður í því er að bæta öll tengsl við viðskiptavini og treysta stöðu sína á markaðnum. Það þóttu því nokkur tíðindi þegar Félag blikk-smíðjueigenda samþykkti á fundi með Félagi blikk-smíða á síðastliðnu hausti að óska eftir því við opinbera aðila sem bjóða út verk á þeirra sviði að þeir gerðu kröfu um að smíðjurnar

hefðu vottaða gæðastjórnun. Að öðrum kosti fengju þær ekki að bjóða í viðkomandi verk. Þetta er sá háttur sem opinberir aðilar hafa tíðkað í mörgum nágrannalandanna og hefur reynst vel – bæði fyrir þá og smiðjurnar.

FRÆÐSLUMÁLIN MIKILVÆG

Á síðasta hausti hófu iðn- og fjölbrautaskólar kennslu samkvæmt nýrri námskrá í undirbúningsdeildum málmiðna. Þeir munu ljúka undirbúningsnámi (4. önn) vorið 2000 en það haust stendur framhaldsnám til boða á einum eða fleiri

stöðum í: blikksmíði, vélvikjun, stálsmíði og rennismíði. Ljóst er að ekki geta allir skólar, sem eru með nemendur í grunndeildum málmiðna, boðið nám á 5. og 6. önn í öllum þessum greinum og því verða þeir að velja og hafna eða hafa samvinnu við aðra skóla um að samræma námsframboðið eftir aðstæðum.

Umræður um sérstakan kjarnaskóla fyrir málmiðnaðinn, þar sem nám verður í boði til loka í öllum málmiðngreinunum, hefur verið ofarlega á baugi undanfarin misseri. Hugmyndin er að í slíkum skóla

verði auk þess þróunarsetur fyrir greinina og kennara annarra verkmenntaskóla í málmgreinum og þar verði atvinnulífið virkari þátttakandi í allri stjórnun o.s.frv. Þessi umræða hefur nú komist á það stig að kannaðir eru allir möguleikar á því að gera slíkan kjarnaskóla málmiðnaðarins að sjálfseignarstofnun þar sem atvinnulífið og yfirvöld menntamála eiga beina aðild og ábyrgð í samræmi við það. Vonast er til að könnunin leiði til niðurstöðu innan 5 til 6 vikna.

MATVÆLA- OG FÓÐURIDNAÐUR

ÚTTEKT Á MATVÆLALÖGGJÖF

Löggjöf, sem snýr að matvælum og eftirliti með þeim, hefur þanist mjög út á undanförunum árum. Hún heyrir undir mörg ráðuneyti og ekki er alltaf samræmi milli þeirra reglna sem gilda í mismunandi greinum. Fjöldi laga og reglugerða veldur því að erfitt er að hafa heildaryfirsýn yfir sviðið. Til að stíga fyrsta skrefið í átt til einföldunar létu Samtök iðnaðarins gera úttekt á íslenskri matvælalöggjöf síðastliðið sumar. Til verkefnisins, sem Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti, voru ráðnir tveir nemendur við Háskóla Íslands, Kristjana Axelsdóttir matvælafræðinemi og Magnús P. Skúla-son lağanemi.

Verkefnið fólst í því að taka saman, flokka, skrá og bera saman öll lög og reglugerðir sem í gildi eru á Íslandi og fjalla um matvæli. Verkefnið tókst mjög vel og lauk því í september. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Mikill fjöldi laga og reglugerða veldur því að erfitt er að hafa heildaryfirsýn yfir sviðið. Þrátt fyrir fjöldann virðist ekki mikið um endurtekningar eða að ákvæði stangist á.
- Margar reglugerðir á matvæla-sviðinu er settar með stoð í lögum sem fallið hafa úr gildi við setningu nýrra laga. Reglugerðir halda gildi sínu til bráðabirgða þar til nýjar hafa verið settar þótt lögin hafi fallið úr gildi. Tilgangurinn með setningu nýrra laga er oftast sá að gera breytingar eða setja fram nýmæli á tilteknu sviði. Ef ekki eru settar nýjar reglugerðir er hæpið að ákvæði nýrra laga nái fram að ganga.
- Margar reglugerðir eru mikið breyttar frá upprunalegri mynd, þeim hefur oft verið breytt án þess að þær hafi verið gefnar út að nýju með áorðnum breytingum. Slíkar reglugerðir verða því óaðgengilegar og torlesnar.



Niðurstöður verkefnisins verða notaðar sem grunnur að viðræðum við opinbera aðila um að einfalda matvælalöggjöfina og gera hana aðgengilegri fyrir notendur.

MATVÆLAKYNNING SAMTAKA IÐNAÐARINS

Matvælakynning Samtaka iðnaðarins fyrir veitinga- og ferðaþjónustuna var haldin í annað sinn í maí, undir heitinu „matartími.“ Kynningin var haldin í Gullhörmum, í Húsi iðnaðarins og þótti

takast vel að mati sýnenda. Gestir voru valdir með markvissari hætti en fyrr og kom það greinilega fram í viðbrögðum þeirra sem komu á kynninguna, þ.e.a.s. það var greinilega fólk sem hefur innkaup á matvælum á hendi. Tuttugu og fimm fyrirtæki kynntu vörur sínar, á kynningunni, milli eitt og tvö hundruð vörutegundir. Samtök iðnaðarins hyggjast standa fyrir matvælakynningu næsta vor, hugsanlega með eitthvað breyttu sniði.

MÁLÞING UM MATVÆLI

Málþing um matvæli undir yfirskriftinni „Trygging gæða frá hafi og haga til maga“ var haldið í maí í samvinnu Samtaka iðnaðarins, matvælahóps Gæðastjórnunarfélagsins, Bændasamtaka Íslands og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Þar var m.a. fjallað um mikilvægi óslitinnar gæðakeðju, tengingu milli vinnsluþrepa og rekjanleika til upprunans. Einnig var fjallað um

mikilvægi gæðastjórnunar við flutninga og starfsumhverfi matvælaíðnaðarins út frá ýmsum sjónarhornum. Matvælahópur GSFÍ heldur áfram öfluðu starfi í skjóli Samtaka iðnaðarins.

BREYTINGAR HJÁ LABAK

Landssamband bakarameistara flutti alla starfsemi sína inn á skrifstofu SI í byrjun síðasta árs. Samtímis hljóp mikill fjörkippur í starfsemi og hefur stjórn félagsins starfað ötullega að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna í samvinnu við starfsmenn Samtakanna. Fréttabréf LABAK hóf göngu sína að nýju eftir margra ára hlé og komu þrjú tölublöð út á árinu. Allt kynningarefni LABAK hefur verið samræmt, nýtt bréfsefni útbúið og útifáni, gluggalímmiði og bæði bréf- og plastpokar framleiddir með merki félagsins. Síðast en ekki síst stóð félagið þrisvar fyrir sameiginlegu markaðsátaki á árinu með viðtækri þátttöku félagsmanna.

NÝ REGLUGERÐ UM KJÖT OG KJÖTVÖRUR

Ný reglugerð um kjöt og kjötvörur kom út á árinu og tekur hún gildi í áföngum. Undirbúningur reglugerðarinnar hefur staðið í áratug og hafa Samtök iðnaðarins og félagsmenn þeirra í kjötiðnaði lengst af stýrt áttakinu. Ákvæði reglugerðarinnar fjalla um flokkun og samsetningu kjöts og kjötvara, svo og nafngiftir og aðrar merkingar sem notaðar eru við markaðssetningu kjötvöru. Í lok ársins kom út kynningarbæklingur um ákvæði reglugerðarinnar og er honum ætlað að fræða neytendur um efni hennar en einnig að leiðbeina starfsfólki í kjötvinnslu um notkun reglugerðarinnar. Bæklingurinn er unninn í samstarfi Hollustuverndar, umhverfisráðuneytis, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneytis og Samtaka iðnaðarins.

PRENT- OG PAPPÍRSIÐNAÐUR

Starfsgreinahópur prent- og pappírsiðnaðar hefur fundað að jafnaði hálfsmánaðarlega að vetrinum en sjaldnar á sumrin. Eins og áður hafa umræður um útboð og verðlagningu prentverks verið fyrirferðarmiklar. Umræður um menntun bókagerðarfólks og nýliðun hafa einnig verið miklar. Þátttakendur í hópnum hafa lýst verulegum áhyggjum vegna þess hve fátt ungt fólk sækir inn í greinina. Undirbúningur að átaki til að hvetja ungt fólk til að velja bóka-gerðargreinar sem framtíðarstarf er

hafinn innan hópsins. Settur hefur verið á fót samstarfshópur milli auglýsingastofa, teiknara og prentiðnaðarins um bætt samskipti þessara greina. Fyrsta verkefni starfshópsins er að endurskoða bækling um skil á efni til prentunar og er það verk hafið.

Á vegum Samtakanna var farin hófgerð á prentsýninguna IPEX sem haldin var í Birmingham 22.–30. september sl. Þátttakendur voru um fjórtíu. Þegar er hafinn undirbúningur að hófgerð á Drupa

prentsýninguna í Þýskalandi sem haldin verður í maí árið 2000.

PRENTTÆKNISTOFNUN

Prenttæknistofnun hefur sannað gildi þess að starfsfólk prentiðnaðarins geti endur- og símenntað sig á þeim 8 árum sem hún hefur starfað. Fáar aðrar greinar hafa gengið gegnum eins miklar tæknibreytingar og prentiðnaðurinn á undanförunum árum. Starfsfólk prentiðnaðarins sótti fjölda námskeiða á síðastliðnu ári en alls stóðu um 25 mismunandi

di námskeið því til boða á árinu.

Tækjakostur endurnýjaður. Í byrjun árs var tölvukostur Prenttæknistofnunar endurnýjaður. Fyrst var öllum tölvum í Macintosh stofunni skipt út fyrir nýjar öflugar Macintosh G3 vélar. Síðan var bætt við annarri kennslustofu með PC vélum þannig að nú hefur Prenttæknistofnun yfir tveim tölvustofum að ráða og getur því þjónað hinum sívaxandi viðskiptahópi enn betur en áður.

Ráðstefna. Ráðstefna um „Framtíð prentsmíðar sem iðngreinar“ var haldin í mars. Þeir Nils Enlund og Peter Ollén komu og fræddu fólk í prentiðnaðinum um stöðu mála í þeim efnum. Mjög góð aðsókn var að ráðstefnunni og er önnur í undirbúningi.

Bæklingur um prentverk. Í sam-

vinnu við Samtök iðnaðarins gaf Prenttæknistofnun út bækling um skil á efni til prentunar. Bæklingnum er ætlað að leiðbeina þeim sem vinna efni til prentunar um rétt vinnubrögð þannig að það sé í réttu formi til frekari vinnslu.

Rammasamningur við Ríkiskaup. Samningur var gerður á árinu um hugbúnaðarnámskeið fyrir þau ríkisfyrirtæki sem eiga aðild að rammasamningi Ríkiskaupa. Starfsmenn þeirra stofnana fá afslátt af námskeiðagjaldi Prenttæknistofnunar.

Samvinna við Myndlista- og handíðaskólann. Í júní var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf milli Prenttæknistofnunar og Myndlista- og handíðaskólans. Þeir Hjörtur Guðnason, Prenttæknistofnun, og Gunnsteinn Gíslason, Myndlista-

og handíðaskólanum og Björn Bjarnason, menntamálaráðherra undirrituðu viljayfirlýsinguna.

Margmiðlunarskólinn. Í október var Margmiðlunarskólinn settur í fyrsta sinn en 14 nemendur hófu nám í skólanum. Námið tekur einn vetur, u.þ.b. 400 klst. og dreifist á 30 vikna tímabil. Námið byggist á bóklegu námi, verklegum æfingum og lokaverkefni. Margmiðlunarskólinn er hluti af starfsemi Prenttæknistofnunar.

Starfsgreinaráð upplýsinga og fjölmiðlagreina. Prenttæknistofnun og Starfsgreinaráð upplýsinga og fjölmiðlagreina sömdu á árinu um að Prenttæknistofnun tæki að sér ýmis verkefni fyrir ráðið. Vegna aukinna umsvifa Prenttæknistofnunar var ráðinn nýr starfsmaður, Baldur Gíslason.

RAFEINDA- OG UPPLÝSINGATÆKNIÐNAÐUR

Upplýsingatækniiðnaður á Íslandi hefur vaxið ört á undanförunum árum. Sameining fyrirtækja og hagræðing hefur átt sér stað innan greinarinnar og teljast nú nokkur upplýsingatæknifyrirtæki meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Einnig hafa sprottið upp ný þekkingarfyrirtæki í tengslum við viðskiptahugmyndir þar sem oft er horft til sóknar á erlenda markaði. Útflutningur á upplýsingatæknilausnum hefur vaxið jafnt og þétt og hafa nokkur fyrirtæki náð ágætri fótfestu á erlendum mörkuðum enda hafa íslenskar lausnir sannað að þær eru fullkomlega samkeppnishæfar erlendis.

Undanfarin misseri hefur mikil

endurnýjun upplýsingakerfa átt sér stað í viðskiptalífínu. Stjórnendur fyrirtækja gera sér æ betur grein fyrir mikilvægi upplýsingatækninnar sem öflugs stjórnunartækis og í raun er hún mikilvæg forsenda aukinnar framleiðni innan fyrirtækja.

Spáð er að einn helsti vaxtarbroddur atvinnulífs í heiminum verði á sviði upplýsingatækni. Því er mikilvægt að skapa hvetjandi umhverfi til uppbyggingar þekkingarfyrirtækja með því að koma á fót öflugum útflutningsiðnaði byggðum á íslensku hugviti, auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og skapa áhuga-verð hálaunastörf fyrir ungt fólk í framtíðinni. Upplýsingatæknin byggist á þekkingu og hugviti og

munu þau þjóðfélög bera mest úr bótum sem hlúa best að slíkum fyrirtækjum.

STEFNUMÓTUN

Fyrri hluta ársins var unnið að stefnumótun fyrir upplýsingatækniiðnað og beitt aðferðafræði sem þróuð hefur verið og notuð innan Samtakanna með góðum árangri. Um 30 fulltrúar helstu fyrirtækja í greininni tóku þátt í starfinu.

Í þeirri vinnu var leitast við að móta framtíðarsýn greinarinnar til ársins 2002 og skilgreina forsendur sem ráða úrslitum um að sú sýn geti orðið að veruleika. Þá komu fram hugmyndir að aðgerðum og afmörkuðum verkefnum sem fært geta

MEGINÞÆTTIR ÚR STEFNUMÓTUNARVINNUNNI:

FRAMTÍÐARSÝN – MEGINMARKMIÐ

1. Upplýsingatækniiðnaður, stóriðja framtíðarinnar
2. Upplýsingatækni viðurkennd sem ein af grunnþörfum í starfi einstaklinga og fyrirtækja
3. Íslenskur upplýsingatækniiðnaður hefur skapað sér góða ímynd á alþjóðlegum markaði
4. Öflug útrás upplýsingatækniiðnaðar skilar árangri

AFGERANDI ÁRANGURSPÆTTIR – FORSENDUR

1. Góð starfsskilyrði, jákvæð viðhorf og skilningur stjórnvalda
2. Einfalt og skilvirkt skattkerfi með hvatningu til þróunar og nýsköpunar
3. Virkt menntakerfi sem svarar þörfum upplýsingatæknigreinarinnar - Spekin leki heim
4. Samkeppnishæfur fjármagnsmarkaður með fjölbreytta möguleika til fjármögnunar
5. Íslenskar upplýsingatækniáfurðir byggðar á þróun, rannsóknum og alþjóðlegum stöðlum
6. Öflug og virk gæðastjórnun á öllum sviðum í UT-fyrirtækjum
7. Árangursrík markaðsstarfsemi byggð á auknum skilningi kaupenda og seljenda á möguleikum upplýsingatækninnar
8. Samstarf og sameining fyrirtækja, aukið bolmagn til markaðs- og þróunarstarfsemi

greinina nær framtíðarsýninni eða bætt forsendur hennar.

Í framhaldi af stefnumótunarvinnunni hafa helstu forgangsverkefni verið skilgreind þar sem sett eru fram tiltekin markmið fyrir hvert verkefni og framkvæmd þeirra lýst. Niðurstöður úr stefnumótunarvinnunni verða kjölfestan í starfi Samtakanna í þágu upplýsingatækniiðnaðar í náninni framtíð.

VIRÐISAUKASKATTUR

Samtök iðnaðarins beindu því erindi til Samkeppnisstofnunar að rannsakað yrði hver staða hugbúnaðarfyrirtækja á almennum markaði væri gagnvart Reiknistofu bankanna sem sér um hugbúnaðarvinnu fyrir bankastofnanir.

Farið var fram á að skoðað verði hvort starfsemi Reiknistofu bankanna takmarki samkeppni og hamli aðgangi nýrra keppinauta að markaði. Jafnframt var þess krafist að Samkeppnisstofnun mæli fyrir um fjárhagslegan aðskilnað þess hluta rekstrarins sem nýtur undanþágu frá virðisaukaskatti og þess hluta

sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila í samræmi við 14. gr. samkeppnislaga.

Vonast er til að fljótlega náist viðunandi lausn í þessu margra ára baráttumáli upplýsingatæknifyrirtækja.

GAGNAGRUNNSFRUMVARP

Samtök iðnaðarins og Samtök íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja unnu sameiginlega umsögn um frumvarp til laga um gagnagrunn fyrir heilsufarsupplýsingar. Í umsögninni, sem finna má á vef Samtakanna www.si.is, er ekki lagt gegn því að komið verði á fót miðlægum gagnagrunni um heilsufarsupplýsingar ef unnt verður að tryggja að uppbygging upplýsingakerfa heilbrigðisstofnana honum samfara verði nýtt til eflingar upplýsingatækniiðnaðar á þessu sviði. Það væri í fullu samræmi við þá stefnu sem mörkuð var í heilbrigðisráðuneytinu í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins og lögð var fram árið 1997. Þá var bent á að gerð gagnagrunnsins væri eitt en skrán-

ing og vinna með heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum annað. Lögð var áhersla á þetta til að sýna fram á að útboð á gerð grunnsins sjálfs stefndi vernd persónuupplýsinga ekki með neinum hætti í voða.

STARFSGREINARÁÐ Í UPPLÝSINGA- OG FJÖLMIÐLAGREINUM

Á árinu var komið á fót svokölluðum starfsgreinaráðum en hlutverk þeirra er að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið starfsnáms. Starfsgreinaráð gera jafnframt tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms.

Innan *Starfsgreinaráðs í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum* má finna löggiltar iðngreinar með langa þróunarsögu og nýjar tækni- og þekkingargreinar. Undir þær falla lögbundnar iðngreinar eins og bókband, ljósmyndun, prentsmíð og prentun. Aðrar greinar, sem starfsgreinaráðið mun taka fyrir, eru t.d. auglýsingagerð, grafísk hönnun, margmiðlun, upplýsingahönnun, blaðamennska og ýmsar aðrar upplýsingatæknigreinar.

Ætlunin er að koma á fót starfsmenntabrautum á sviði upplýsingatækni þar sem námskrá og þörf verði skilgreindar í samráði við fyrirtæki á þessu sviði.

NORTHERN SOFTWARE ALLIANCE (NSA)

Á fyrri hluta ársins var ákveðið, að frumkvæði haðsmunasamtaka upplýsingatækniiðnaðar í norðanverðri Evrópu, að koma á fót samstarfsvettvangi um málefni á sviði upplýsingatækni. Samstarfsvettvangurinn, sem fengið hefur heitið Northern Software Alliance (NSA),

var stofnaður af eftirtöldum samtökum:

Federation of Icelandic Industries, Iceland, Scottish Software Federation, Scotland, Software Industry Federation, Northern Ireland, The Danish IT Industry Association, Denmark, Association of Norwegian Software Industry, Norway, Swedish Software Industry Association, Sweden.

Meginmarkmið með stofnun NSA er að koma á fót samstarfi fyrir tækja í upplýsingatækni í vestanverðri Evrópu um sameiginleg hagsmunamál greinarinnar auk annars konar viðskiptalegs samstarfs.

Vegna fjármögnunar samstarfsvettvangsins var ákveðið að gera tilboð í útboðsverkefni á vegum Evrópusambandsins sem heitir European Technology Transfer Network (ETTN). ETTN stefnir að því að koma á fót netsamstarfi um uppbyggingu þjónustu þar sem upplýsinga- og fjarskiptatækni er notuð til að gera rannsóknir og þekkingu aðgengilega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

VIKING VERKEFNIÐ

Tilboð NSA er að koma á fót svokölluðum „Virtual Technology Park” eða rafrænum tæknigarði fyrir upplýsingatækniðnað í aðildarlöndum NSA. Verkefnið hefur fengið heitið VIKING eða Virtual Information and Knowledge In the Northern software alliance Group. „Rafræni tæknigarðurinn” byggist af 5 öflugum netþjónum, sem tengjast háhraða fjarskiptaneti og flokkast í 5 skilgreinda þjónustubætti eins og ofangreind tafla sýnir.

SOFTWORLD '98

Í tengslum við fyrirtækjastefnumótið Softworld '98, sem haldið var í St. Johns, Nýfundnalandi, komu



Virtual Information and Knowledge In Northern software alliance Group

1. RAFRÆNT UPPLÝSINGASAFN (VIRTUAL LIBRARY)

- Dæmi um staðlaða hugbúnaðarsamninga – sölusamningar, notkunarréttur, undirverktakar, margmiðlun (hljóð, texti, mynd), ár 2000 vottun
- Staðlar sem tengjast upplýsingatækniðnaði – tengingar við staðlastofnanir
- Höfundarréttarmálefni, IPR
- Model fyrir stefnumótun innan upplýsingatækniðnaðar
- Leiðbeiningar um útflutning/viðskipti innan NSA aðildarlanda
- Skýrslur um rannsóknir á sviði upplýsingatækni – tengingar við mennta- og rannsóknastofnanir
- Málefni er tengjast evrunni og upplýsingatæknikerfum
- Leiðbeiningar um stofnun og samstarf nýsköpunarfyrirtækja
- Leiðbeiningar um skipulag hugbúnaðarþróunar
- Ýmsar fréttir úr starfi NSA aðila

2. LOKAÐUR FYRIRTÆKJA- OG VÖRUBRUNNUR (PRIVATE PRODUCT/SOURCE INDEX)

- Yfirlit og flokkun framleiðsluvara aðildarfyrirtækja NSA
- Yfirlit og flokkun starfsemi og sérhæfingar fyrirtækja innan NSA
- Lykill að „umhverfi” vegna samstarfs aðildarfyrirtækja NSA
- Brunnur fyrir upplýsingamiðlun frá NSA fyrirtækjum um þörf fyrir þjónustu

3. OPINN FYRIRTÆKJA- OG VÖRUBRUNNUR (PUBLIC PRODUCT/SOURCE INDEX)

- Markaðstorg fyrir framleiðsluvörur NSA aðildarfyrirtækja

4. ÞJÓNUSTA VEGNA SAMSTARFS FYRIRTÆKJA INNAN NSA (COLLABORATIVE INTER-WORKING SERVICE)

- Tilraunir með notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni við fundi, kynningar, samstarfsverkefni og önnur samskipti fyrirtækja innan NSA

5. MARKAÐS- OG ÞRÓUNARVÖKTUN (MARKET INTELLIGENCE SERVICE)

- Markaðskannanir og framtíðarþróun markaða fyrir upplýsingatækni-lausnir

fulltrúar 15 danskra fyrirtækja í upplýsingatækni hingað til lands og áttu fund með fulltrúum íslensks iðnaðar þar sem kynnt var umhverfi íslenskra og danskra upplýsingatæknifyrirtækja.

MIDAS – MLIS

Samtök iðnaðarins hafa nú í tvö ár rekið MIDAS-NET skrifstofu í samvinnu við ESB en markmiðið er að styðja við framgang margmiðlunariðnaðar á Íslandi. MIDAS sér einnig um rekstur svokallaðar MLIS áætlunar hér á landi sem hefur þann tilgang að stuðla að notkun upplýsingatækni við að ryðja úr

vegi viðskiptalegum viðskiptahindrunum vegna mismunandi tungumála og menningar Evrópuríkja. Skrifstofan rekur eigin upplýsingavef, www.midas.is, þar sem er að finna miklar upplýsingar um starfsemi MIDAS NETS á Íslandi og 23 sambærilegra skrifstofa víðs vegar um Evrópu.

NEFND UM YTRI SKILYRÐI HUGBÚNAÐARIÐNAÐARINS

Á árinu skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd í þeim tilgangi að móta tillögur um bætt ytri skilyrði hugbúnaðariðnaðarins. Samkvæmt tillögum nefndarinnar er

bent á að helstu úrræði stjórnvalda til þess að bæta stöðu upplýsinga-tækniðnaðar og samkeppnishæfni á alþjóðlegum markaði lúta að mikilvægum endurbótum á skattlagningu fyrirtækja, styrkingu menntakerfisins, áframhaldandi uppbyggingu grunnkerfis Landsímans, jafnræði í samkeppnisrekstri síma- og fjarskiptaþjónustu og sértækum

stuðningi við útflutning upplýsinga-tæknilausna.

SAMRÁÐSHÓPUR UM FRAMKVÆMD STEFNUMÓTUNAR UM UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ

Í framhaldi af stefnumótun ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið var komið á fót verkefnisstjórn á vegum forsætisráðuneytis-

ins sem hefur það markmið að hrinda stefnunni í framkvæmd. Verkefnisstjórnin hefur m.a. leitað eftir samráði við fulltrúa atvinnulífsins um framkvæmdina og hefur verið stofnaður formlegur samráðshópur sveitarfélaga, atvinnulífs o.fl. vegna þessa.

STÓRIÐJA



SEMENTSVERKSMIÐJAN HF.

Sementssalan jókst um 8,5% á síðasta ári frá fyrra ári á undan og varð um 117.700 tonn sem er mesta árssala í 10 ár. Aukningin stafar bæði af mikilli sölu til stórframkvæmda og almennra framkvæmda auk þess sem tíðarfarar var sérstaklega hagstætt á árinu.

Rekstrarafkoma fyrirtækisins var mjög góð, reyndar einhver sú besta í 40 ára rekstri þess. Unnt var að lækka verð á lausu sementi undir lok ársins. Brennsluofn verksmiðjunnar var miklu betur nýttur en undanfarin ár en samt þurfti að ganga á birgðir.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að sementssala verði svipuð og síðastliðið ár og þökkalegri afkomu.

ÍSLENSKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Afkoma félagsins var góð á liðnu ári þrátt fyrir lækkanði verð á áli og orkuskort. Rekstur gekk mjög vel allt árið en síðustu fjóra mánuði þurfti að stöðva rekstur sem svarar rúmlega fjórðungi eins kerskála vegna orkuskrorts. Meðan orka var næg fyrri hluta ársins náðist tvisvar að hafa öll 480 kerin í gangi 16 daga í hvort skipti. Slíkt er afar sjaldgæft, sérstaklega í gömlum álverum.

Framleiðsla ársins í kerskálum var 162.360 tonn eða heldur meiri en áætlað hafði verið þrátt fyrir orkuskrortinn. Fyrri hluti ársins bætti upp framleiðslutap vegna orkuskrorts síðari hluta þess. Í steypuskálanum voru framleidd 161.869 tonn sem er líka heldur meira en áætlað var.

Verð á áli var yfir 1500 USD á tonn í ársbyrjun en seig hægt og var orðið um 1300 USD á tonn í október og um 1250 USD á tonn um áramót.

Unnið var að endurbótum á kerþekjum til þess að bæta starfsumhverfi og minnka flúorútsleppi frá verksmiðjunni enn frekar. Keypt var ný steypuvél sem sett verður upp í nýja hluta steypuskálans.

Þegar hún verður tilbúin á þessu ári verður hægt að steypa alla framleiðsluna í barra til völsunar. Barrar eru mun verðmætari afurð en umbræðsluhleifar.

Í október voru gerðar miklar skipulagsbreytingar hjá ISAL. Stjórnunarlögum í fyrirtækinu var fækkað og boðleiðir stytta. Tólf stjórnunarstöður voru lagðar niður. Þetta er mesta skipulagsbreyting hjá fyrirtækinu frá stofnun þess.

Í árslok var tilkynnt að stjórnir fyrirtækjanna VIAG, sem hefur höfuðstöðvar í München og Alusuisse með höfuðstöðvar í Zürich, hefðu ákveðið að leggja til við hluthafa beggja fyrirtækjanna að þau sameinist. Verði af því, gæti álframleiðsla sameinaðs fyrirtækis orðið sú þriðja mesta í heiminum.

KÍSILIÐJAN

Kísiliðjan framleiddi 25.734 tonn á sl. ári og nam salan 25.755 tonn-um sem er heldur minna en árið áður. Vegna áframhaldandi sterkrar stöðu krónunnar gagnvart Evrópumyntum, kostnaðahækkana innanlands jafnframt því að verð á kísilgúr hefur heldur lækkað varð afkoma fyrirtækisins á síðastliðnu ári

ekki viðunandi. Ekki er gert ráð fyrir aukinni sölu eða hækkun söluverðs á árinu. Því verður aðaláhersla lögð á að ná niður kostnaði þannig að rekstrarafkoma verði ásættanleg.

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ

Á síðastliðnu ári voru framleidd tæp 63 þúsund tonn af kísiljárn hjá Íslenska járnblendifélaginu hf. en það er um 9 þúsund tonnum undir áætlun og skýrist af skerðingu á raforku til félagsins í lok ársins. Framleiðslan gekk að öðru leyti vel. Ríkið seldi 26,5% hlut í félaginu á almennum markaði á fyrri hluta ársins og í kjölfarið var félagið skráð á Verðbréfabíngi Íslands.

Rekstur reykahreinsibúnaðar gekk afar vel á árinu og nam reyklosun reykháfa aðeins 0,05% af rekstrar-tíma ofnanna en það er besti árangur

ur á því sviði frá upphafi. Framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar hófust á árinu. Jarð- og steypuvinnu var lokið um áramót og uppsetning á sjálfum ofninum hafin. Stefnt er að því að gangsetja ofninn í október næstkomandi en við það eykst framleiðslugeta verksmiðjunnar um 60%.

STEINULLARVERKSMÍÐJAN HF.

Rekstur Steinullarverksmiðjunnar hf. gekk vel á síðasta ári og varð tæplega 100 milljóna króna hagnaður af rekstri fyrirtækisins miðað við 82 millj. króna hagnað árið áður.

Heildarsala ársins varð um 161 þúsund rúmmetrar sem er nokkru minna magn en árið áður en þó hið næstmesta á einu ári frá upphafi rekstrar árið 1985.

Tekjur fyrirtækisins lækkuðu um 1,5% frá fyrra ári og námu um 620 milljónum króna. Salan á innan-

landsmarkaði jókst um 5% en útflutningur minnkaði nokkuð og nam útflutningsverðmæti síðasta árs um 35% af tekjum fyrirtækisins en sem fyrr var mest flutt út til Bretlands, Þýskalands og Færeyja.

Aukin sala á innanlandsmarkaði, sem og lækkan afskrifta og fjármagnskostnaðar eru helstu ástæður meiri hagnaðar þrátt fyrir hækkun ýmissa kostnaðarliða og óbreytt eða jafnvel hækkandi verð afurða.

Fjárfestingar námu um 47 milljónum króna en þar vegur þýngst nýr sögunarbúnaður í framleiðslulínu verksmiðjunnar.

Rekstraráætlun gerir ráð fyrir svipuðum rekstri á þessu ári og hinu síðasta og er áætlað að starfsmannafjöldi verði óbreyttur (42) og að framleitt verði áfram á þrískiptum vöktum.

ÞJÓNUSTUIÐNAÐUR

Til þjónustuiðnaðar innan Samtaka iðnaðarins teljast háriðnir, snyrtifræði, gullsmíði, ljósmyndun, úrsmíði, tannsmíði og fataiðnaður.

Í öllum framantöldum greinum starfa sérstök félög. Samtök iðnaðarins veita stjórnnum félaganna ráðgjöf og upplýsingar sem óskað er eftir. Einstakir félagsmenn þessara félaga fá milliliðalausa aðstoð sé eftir henni leitað.

Hópurinn reynir að halda mánaðarlega fundi með þátttöku eins fulltrúa frá hverju félagi. Á þeim fundum er rætt það sem efst er á baugi í starfsemi SI hverju sinni og jafnframt hafa félögin tækifæri til að koma á framfæri hugðarefnum sín-

um. Að slíkum fundum loknum er ætlast til að hver fundarmaður geri sinni stjórn grein fyrir því hvað fer fram þannig að þessi félög geti fylgst með starfsemi SI með sem skilvirkustum hætti.

Samtök iðnaðarins hafa einnig styrkt einstök félög innan þjónustuiðngreina til að taka þátt í sýningum. Sem dæmi má nefna að SI sendu starfsmann sinn utan á heimsþing snyrtifræðinga á sl. ári.

Auglýsingaherferð var ofarlega á baugi síðari hluta ársins fyrir þennan hóp og bar markaðsstjóri SI hitann og þungann af herferðinni. Má segja að með því hafi verið komið til móts við kröfur hósins

um bættan markaðssetningu. Gefi herferðin góða raun má jafnvel ætla að framhald verði á slíku.

Menntamál þjónustuiðngreina eru enn í nokkrum ólestri að því leyti að skipuleg endurmenntun er varla til, jafnvel þótt einstök félög séu dugleg að halda námskeið og stuðli þannig að endurmenntun félagsmanna sinna. Samt sem áður verður fyrr en síðar að ákveða hvernig standa skuli að menntamála þessa hóps.

Ef til vill ættu félögin að tilnefna hvert sinn fulltrúa í starfshóp til að ræða þessi mál þannig að vilji félaganna komi a.m.k. fram með skýrum hætti í þessu mikilvæga máli.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL



ÞAÐ ER FRAMTÍÐ Í IÐNAÐI

Í maí tóku um 25 fyrirtæki þátt í hinni árlegu kaupstefnu matvæla-iðnaðarins og SI með innkaupaaðilum undir yfirskriftinni „Matartíminn.“ Kynntar voru afurðir og hráefni til matargerðar fyrir innkaupa- og framreiðsluaðila stórelðhúsa, vinnustaða, hótela, veitinga- og gæstihúsa ásamt fulltrúum úr ferðaþjónustu á Íslandi.

Á árinu var stofnað til samstarfs-vettvangs um útgáfu á upplýsingablöðum sem bera heitið Umhverfismál atvinnulífsins (UMA). Þar er fjallað á einfaldan og markvissan hátt um áhrifaríkar leiðir í stjórnun umhverfismála fyrirtækja á Íslandi. Upplýsingablöðunum er dreift með *Íslenskum iðnaði* og jafnframt eru þau vistuð í heild sinni á [«hyperlink http://www.si.is»](http://www.si.is).

Í framhaldi af stefnumótun SI voru m.a. lögð drög að endurnýjun kynningarefnis um Samtökin og herferðar til bættrar ímyndar iðnaðar í huga ungs fólks. Samtökin tóku þátt í Framadögum '98 og Námsdögum Háskóla Íslands og létu einnig á sér bera víðar undir yfirskriftinni: „Það er framtíð í iðnaði.“

„Taktu hugmynd í fóstur“ er yfirskrift samstarfsvettvangs fyrirtækja, iðnhönnuða og SI um þróun og smíði hugmynda úr Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Á síðastliðnu ári var kynnt niðurstaða verk-

efnisins „Barnaherðatré“ sem GKS tók í fóstur í samvinnu við Sigríði Heimisdóttur iðnhönnuð og Samtök iðnaðarins. Jafnframt var kynnt ný hugmynd sem ber heitið „Hjálmlás“ sem Samtökin munu styðja til frekari þróunar í samvinnu við iðnhönnuð og áhugasöm fyrirtæki.

ÍSLENSKA INNKAUPAKARFAN

Átaksverkefni í anda „Íslenskt já takk“ tóku stakkaskiptum á árinu og eru nú sérsniðin að þörfum hverrar greinar fyrir sig. Leitað var eftir þátttöku fyrirtækja innan SI í verkefnum, samið við fjölmiðla um sértæk málefni og áhersla lögð á gott samstarf við blaða- og fréttamenn. Meðal átaksverkefna á árinu voru:

- Heilsudagar, Ítalskir dagar og Skólabakarí á vegum bakarameistara.
- Kostun á íslenskum tónlistarþætti í útvarpi á laugardögum.
- Best fyrir Íslendinga með íslenskum lyfjaframleiðendum.
- Íslenska innkaupakarfán á sýningunni Matur '98 og í Jólalhöllinni.
- Vörulisti íslenskra framleiðenda fyrir jólin.
- Íslenskir dagar á Bylgjunni og Stöð 2 í nóvember.

Í HÖNDUM MEISTARA

Á síðastliðnu ári voru lögð drög að herferð fyrirtækja í svokölluðum þjónustuhópi innan SI undir yfirskriftinni: „Í höndum meistara.“ Þar eru meðal þátttakenda fyrirtæki úr röðum Félags íslenskra gullsmíða, Úrsmíðafélags Íslands, Hárgræiðslumeistarafélags Íslands, Félags íslenskra snyrtifræðinga, Ljósmyndarafélags Íslands og Félags meistara og sveina í fataiðn. Átaksverkefninu er ætlað að beina sjónum almennings að handverki og

faglegri þjónustu þátttakenda og efla félögin sjálf til dáða á þessum vettvangi.

MÁLUR 2000

Sem skref í átt til bættrar ímyndar málmiðnaðar meðal ungs fólks og almennings lögðu menn land undir fót með upptökuvélar, ljós, leikstjóra og annan tilhlýðilegan búnað og tóku upp sjónvarpsmyndir í nokkrum málmiðnaðarfyrirtækjum. Leitað var til fyrirtækja sem þóttu gefa glögga mynd af þeirri tækniþyngingu sem orðið hefur í greininni og skara fram úr hvað varðar aðbúnað starfsfólks og hreinlæti á vinnustað. Fréttastofur Sjónvarps og Stöðvar 2 fengu myndefnið að gjöf til notkunar að vild í fréttatímum og annarri dagskrárgerð en auk þess hafa bókasöfn og fræðslustofnanir fengið eintök til notkunar í starfsemi sinni.

TVÍEFLDIR BYGGINGADAGAR '98

Meðal stórra viðburða á árinu voru glæsilegir byggingadagar Samtaka iðnaðarins í Laugardalshöll um miðjan maí. Um 80 fyrirtæki tóku þátt í sýningunni auk þess sem nokkur þeirra buðu almennings til sín í „opið hús.“ Í Höllinni var í boði lifandi dagskrá s.s. lífsstíll iðnaðarmannsins (tískusýningar á sviði) auk þess sem sýnendur brydduðu upp á margvíslegu skemmtiefni. Gestum var boðið í reglulegar kynnisferðir um Reykjavík þar sem arkitektar kynntu hönnun og mannvirkjagerð. Um 20 þúsund manns sóttu byggingadaga og var það mál manna að sýningu lokinni að *Tvíeфldir Byggingadagar '98* hefðu sannarlega staðið undir nafni.

JÓLAHÖLLIN '98

Seinni hluta ársins var ákveðið að

ganga til samstarfs við einkaaðila um hugmynd að stærstu jólasýningu ársins í Laugardalshöll sem nefndist „Jólahöllin ‘98.“ Jólasýningu þessari var ætlað að koma á framfæri öllu því sem tengist jóla-

haldi landsmanna s.s. jólamat, fatnaði, skarti og annarri gjafavöru og var lögð áhersla á „íslenskt öðru fremur“ í þeim efnum. Aðsókn að „Jólahöllinni“ fór fram úr björtustu vonum og ljóst þykir að framhald

verði á sýningum „Jólahallarinnar“. Nú þegar er hafinn undirbúningur að þeirri næstu í nóvember næstkomandi.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUNARMÁL

ÞÁTTAKA Í EVRÓPSKU RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNAR-SAMSTARFI

Framkvæmdatímabili fjórðu rammaáætlunarinnar er nú nánast lokið og sú fimmta innan seilingar. Síðustu verkefnum innan þeirrar fjórðu lýkur þó væntanlega ekki fyrr en árið 2001. Þegar á heildina er litið er reynsla íslenskra fyrirtækja og stofnana af þátttöku í fjórðu rammaáætluninni góð þótt ýmislegt mætti betur fara, sérstaklega í umsókna- og afgreiðsluferlinu. Um síðustu áramót höfðu alls farið um 365 umsóknir til Evrópusambandsins með þátttöku íslenskra aðila, þar af 118 með þátttöku fyrirtækja. Alls höfðu um 145 umsóknir hlotið stuðning, 200 verið hafnað en 20 biðu enn afgreiðslu. Af þeim umsóknum, sem hlotið höfðu stuðning, voru 49 með þátttöku fyrirtækja. Heildarfjárhæð styrkja til íslenskra aðila var þá orðin tæplega 1300 milljónir króna en heildarframlag Íslands til fjórðu rammaáætlunar ESB er 807 milljónir króna.

Þegar þetta er skrifað er enn ekki búið að ganga frá þátttöku Íslands í fimmtu rammaáætluninni, fyrst og fremst vegna kröfu Evrópusambandsins um áframhaldandi framlag EFTA ríkjanna til þróunarsjóða ESB. Vonir standa þó til að lausn finnist á málinu áður en fyrstu auglýsingar um styrki verða birtar í byrjun mars.

SAMSTARFSVETTANGUR SJÁVARÚTVEGS OG IÐNAÐAR

Samstarfsvettangur sjávarútvegs og iðnaðar var í endurmótun á árinu. Þá var unnið mat á stöðu verkefna Vettvangsins 1994–1997, en á þeim árum námu styrkveitingar röskegla 25 milljónum króna sem skiptust á 41 verkefni. Gróflega má skipta þeim verkefnum í fjóra flokka en þeir eru:

1. Vöruþróun og markaðssetning
2. Styrkir og vinnuáðstoð vegna ESB umsókna
3. Kynningarstarfsemi og ráðstefnur
4. Rannsóknaverkefni.

Þeir, sem komið hafa að Vettvanginum, telja að auk þess að hafa skilið að góðum árangri í mörgum þeim verkefnum, sem unnin hafa verið, hafi starfsemi hans treyst samvinnu samtaka og ráðuneyta í sjávarútvegi og iðnaði. Segja má að Vettvangurinn hafi um leið átt sinn þátt í nauðsynlegri endurskoðun sjóðakerfis í iðnaði og sjávarútvegi sem leiddi m.a. til stofnunar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Á síðastliðnu ári veitti Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins Vettvanginum 5 milljóna króna stuðning sem tryggir starfsemi hans eitthvað fram á þetta ár. Í krafti þessa hefur Vettvangurinn gert samning við Iðntæknistofnun um að sér daglegan rekstur hans næstu mánuði en á þeim tíma verður starfsemin m.a.

endurmótuð og lögð fram áætlun til næstu tveggja til þriggja ára.

Til þess að tryggja markvissa framkvæmd þarf Vettvangurinn að geta haft verkefnisstjóra í fullu starfi og komið að stuðningi við a.m.k. 15 til 20 verkefni á ári. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækjunum finnist ekki taka því að leita til slíks vettvangs. Auk þessa liggur fyrir að halda þarf áfram þróun NAS-verkefnisins, m.a. til að það nýtist sem hjálpartæki fyrir notendur og hönnuði á sviði sjávarútvegs á Internetinu.

Á vegum Vettvangsins eru í undirbúningi vinnufundir um veiði, flutning og vinnslu uppsjávarfiska s.s. loðu og síldar auk kolmunna. Vonir eru bundnar við að þessir fundir leiði til nýrra og áhugaverðra samstarfsverkefna fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að rekstrarfyrirkomulag Vettvangsins verði með svipuðu sniði og áður, þ.e. sérstök verkefnisstjórn skipuð fulltrúum aðstandenda í iðnaði og sjávarútvegi ásamt fjármögnunaraðilum sjái um mat verkefna og áherslur í daglegri starfsemi. Einnig er ítrekað mikilvægi stjórnarnefndar verkefnisins sem hefur myndað bakhjarl þess og stuðning við fjármögnun. Mikilvægt er að Vettvangurinn hafi aðgang að verkefnisstjóra sem hefur tæknilega þekkingu og reynslu til að fara ofan í einstök mál



og vinna með fyrirtækjunum til að tryggja sem bestan árangur verkefna.

STEFNUMÓTUN OG SAMSTARFSVETTANGUR UM HEILBRIGÐISTÆKNI

Heilbrigðistækni tekur til tækjabúnaðar, tækni og tækniþekkingar sem notuð eru á heilbrigðisstofnunum og starfsemi tengdri líftækni, heilsuvernd og læknávisindum. Hún er hliðstæð því sem á ensku er kallað „Biomedical Engineering“. Til skamms tíma hafa Íslendingar fyrst og fremst verið þiggjendur en ekki gefendur hvað heilbrigðistækni varðar en undanfarin ár hefur orðið þar breyting á.

Það er samdóma álit þeirra sem tengjast heilbrigðistækni hér á landi að Íslendingar eigi mikil sóknartækifæri á þessu sviði. Dæmi um fyrirtæki, sem þegar hafa náð góðum árangri, eru Össur, Delta, Tölvumiðlun, Flaga og Íslensk erfðagreining. Heildarvelta í íslenskri heilbrigðistækni var tæplega fjórir milljarðar króna árið 1997.

Heilbrigðistækni félag Íslands, Samtök iðnaðarins, Rannsóknarráð Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið stóðu á síðastliðnu ári fyrir úttekt og stefnumótunarvinnu í þeim tilgangi að mynda breiða samstöðu um úrbætur á

starfsumhverfi, eflingu nýsköpunar og uppbyggingu fyrirtækja í heilbrigðistækni. Þeir, sem málið varðar, töldu nauðsynlegt að gera úttekt á stöðu greinarinnar og móta markvissa stefnu og framtíðarsýn varðandi uppbyggingu hennar.

Í vinnunni tóku þátt 35 fulltrúar fyrirtækja og stofnana sem vinna að þróun og notkun tækni á sviði heilbrigðisþjónustu. Hópurinn taldi brýnt að komið verði á samstarfsvettvangi fyrirtækja og stofnana á sviði heilbrigðistækni um þróunar- og markaðsmál. Markmið samstarfsvettvangsins var skilgreint að stuðla að þróun og markaðssetningu heilbrigðistæknilausna til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir. Stefnt er að þróun aðferða og tæknilegra lausna sem leiða til betri lækninga og bættrar heilsu sjúklinga, meiri hagræðingar í íslensku heilbrigðiskerfi, aukinnar verðmætasköpunar og útflutnings íslenskrar heilbrigðistækni. Tillagan gerir ráð fyrir að samstarfsverkefni þetta verði rekið í þrjú ár til að byrja með en að þeim tíma liðnum skal árangur þess metinn og ákvörðun tekin um framhaldið.

Meginhlutverk samstarfsvettvangsins er að hvetja fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga til aukins innlands og erlends samstarfs. Á vettvanginum er unnið að mati og fjármögnun samstarfsverkefna þar sem leitast er við að styrkja veikar hliðar verkefna og nýta tækifæri sem felast í styrkleika þeirra. Á samstarfsvettvanginum er einnig unnið að því að bæta aðstæður þessara aðila til að geta stundað árangursríkt þróunarsamstarf.

Stefnumótunarhópurinn benti einnig á fjölmörg afmörkuð verkefni sem tengjast starfsemi vettvangsins og bættum skilyrðum til samstarfs.

Þar á meðal eru:

1. Skilgreining og mótun samstarfsverkefnis um uppbyggingu og þróun upplýsingatækninets fyrir heilbrigðiskerfið sem tekur á samræmingu skráa, aðgengi að upplýsingum, gagnaöryggi og samskiptastöðlum.
2. Skilgreining og mótun samstarfsverkefnis um uppbyggingu og þróun fjarlækningakerfa á Íslandi.
3. Skilgreining og mótun skipulags til prófunar nýrra lækningatækja og aðferða í samstarfi við innlenda og erlenda aðila á þessu sviði.
4. Að koma á skipulagi fyrir vöruþróunarsamninga milli fyrirtækja og stofnana.
5. Að virkja nemendur og unga frumkvöðla til samstarfs við fyrirtæki og stofnanir um þróun og markaðssetningu heilbrigðistæknilausna.
6. Að veita fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf og upplýsingar um samstarfsmöguleika og lausnir með því að reka upplýsingabanka á Internetinu sem aðgengilegur er öllum þeim sem sviðinu tengjast.
7. Að efna til ráðstefna, námskeiða, umræðu og annarra aðgerða um málefni á sviði heilbrigðis í samstarfi við Heilbrigðistækni félag Íslands og aðra sem því tengjast.

Nú er unnið að fjármögnun Vettvangsins en málið hefur verið kynnt heilbrigðisráðherra, iðnaðarráðherra og Rannís. Tillögunni hefur alls staðar verið vel tekið en nú er beðið ákvörðunar ráðherra varðandi fjármögnun.

GÆÐAMÁL

Á síðastliðnu ári var unnið áfram að uppbyggingu gæðastjórnunar í byggingariðnaðinum. Samtök iðnaðarins hafa haft náið samstarf við Gæðastjórnunarfélag Íslands um þessi mál á ýmsum sviðum. Í því sambandi ber einna hæst verkefni um þróun Evrópskrar ánægjuvogar „European Customer Satisfaction Index.“

EVROPSKA ÁNÆGJUVOGIN

Ánægjuvög viðskiptavina eða „Customer Satisfaction Index“ er spennandi viðfangsefni sem mikið er rætt í Evrópu og Bandaríkjunum um þessar mundir en það er liður í að meta og bæta samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana í öllum starfsgreinum.

Umræðan snýst meðal annars um með hvaða hætti sé hægt að safna saman, á skipulegan hátt, gögnum um ánægju viðskiptavina fyrir-tækja, stofnana, starfsgreina, landa og jafnvel heilla viðskiptablokka eða heimshluta. Hugmyndin er að fá fram vel skilgreindan, tölfræðilegan mælikvarða sem gefur skýrar vísbendingar um hversu vel gengur að uppfylla þarfir og væntingar viðskiptavinanna.

Nú er að fara af stað forverkefni með stuðningi Evrópusambandsins um þróun „Evrópsku ánægjuvogarinnar.“ Líklega munu 15 ríki taka þátt í verkefninu, þar á meðal Ísland en Gæðastjórnunarfélag Íslands og Samtök iðnaðarins hafa fyrir hönd Íslands tekið þátt í undirbúningi verkefnisins.

Töluverð vinna hefur verið lögð í að staðla spurningar og samræmingu milli starfsgreina og landa en það er mikilvægt til þess að geta borið saman árangur milli landa, starfsgreina, eða fyrirtækja. Starfsgreinar, sem væntanlega verða með í fyrstu umferð, eru fjármálafyrir-

tæki, tryggingafélög, matvælaíðnaður, símafyrirtæki, stórmarkaðir og framleiðendur raftækja fyrir neytendamarkað.

Evrópusambandið fjármagnar sameiginlega kostnaðarliði svo sem samræmingu spurninga, þjálfun og úrvinnslubúnað, ásamt kynningu á niðurstöðum á evrópskum vettvangi. Fjármögnun gagnasöfnunar og úrvinnslu er viðfangsefni, sem hvert þátttökuríki verður sjálft að standa fyrir. Hér á landi hefur verið unnið að fjármögnun verkefnisins og er hún vel á veg komin.

Það verður spennandi að fylgjast með þróun þessa verkefnis á næstu árum. Töluverðar væntingar eru bundnar við að „Evrópska ánægjuvogin“ geti orðið mikilvægt verkfæri til að örva þróun á sviði gæðamála og árangur á öllum sviðum atvinnulífsins. Ánægjuvogin er hugsuð þannig að hún nýtist einnig til mælinga á ánægju með þjónustu ríkisins, t.d. skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins, samgöngukerfisins o.s.frv.

Með því að þróa aðferðafræði, sem er samhæfð milli fyrirtækja óháð starfsgreinum og samhæfð milli landa á breiðum vettvangi, nást fram margvísleg samlegðaráhrif sem gera „Evrópska ánægjuvog“ um margt áhugaverðari en þær margvíslegu og ósamhæfðu þjónustu- og viðskiptavinakannanir sem fyrirtæki nota um þessar mundir.

Í fyrsta lagi er stefnt að því að þróa og prófa samhæft líkan til mælinga og úrvinnslu gagna sem byggist á bestu þekkingu og reynslu sem nú fyrirfinnst í heiminum á þessu sviði.


Í öðru lagi fæst mikilvægur sam- anburður milli fyrirtækja og starfsgreina ekki bara innanlands heldur einnig milli landa og jafnvel heims- álfa.

Í þriðja lagi eru góðar líkur á að



hægt verði að bjóða fyrirtækjum mun ódýrari, markvissari og marktækari þjónustu en þær kannanir sem nú standa til boða á þessu sviði.

Íslensk fyrirtæki hafa, ekki síður en evrópsk, lagt vaxandi áherslu á að fylgjast með ánægju viðskiptavina sinna. Þetta hefur í vaxandi mæli verið gert með þjónustukönnunum ýmiss konar. Helsta vanda- málið tengt þeim könnunum er að þær eru dýrar í framkvæmd og niðurstöðurnar gefa takmarkaða möguleika á samanburði við helstu keppinauta. Samanburður milli landa hefur varla verið raunhæfur í þessum könnunum. Með því að taka þátt í þróun og prófun „Evrópsku ánægjuvogarinnar“ á Íslandi er innlendum fyrirtækjum og stofnunum veittur aðgangur að nýjum og markvissum aðferðum þannig að þau fá raunhæfan samanburð við sam- bærileg fyrirtæki, ekki bara á innlendum vettvangi heldur einnig milli landa. Með þessu fá íslensk fyrirtæki áður óþekkta möguleika á að koma sér á framfæri á erlendum vettvangi og skipa sér í fremstu röð í heiminum á sviði gæðamála.



Árni Jóhannsson
Jarðvinnuverkt., trjávöruiðnaður,
húsgagna- og húshlutaframl.
arni@si.is



Ásgeir Magnússon
Skrifstofa atvinnulífsins
á Norðurlandi
san@nett.is



Brynjar Ragnarsson
markaðsstjóri
brynjar@si.is



Dagmar Elín Sigurðardóttir
bókari
dagmar@si.is



Davíð Lúðvíksson
forstöðumaður
Þjónusta, þróun og starfsgreinar
david@si.is



Eyjólfur Bjarnason
Byggingariðnaður
eyjolfur@si.is



Guðmundur Ásmundsson
Upplýsingatækni
gudmundur@si.is



Haraldur D. Nelson
upplýsingastjóri,
haraldur@si.is



Hulda G. Mogensen
gjaldkeri
Álagning félagsgjalda
hulda@si.is



Ingi Bogi Bogason
Menntamál
ingi.bogi@si.is



Ingólfur Bender
hagfræðingur
Starfsskilyrði iðnaðar
ingo@si.is



Ingólfur Sverrisson
Málmiðnaður
ingolfur@si.is




Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri
Alþjóðlegt samstarf
jon@si.is



Kristófer M. Kristinsson
Evrópuskrifstofa atvinnulífsins
í Brussel
kristofer.kristinsson@skynet.be



María Hallbjörnsdóttir
Félagatal, afgreiðsla
mottaka@si.is



Ólafur Helgi Árnason
Samkeppnis- og ágreiningsmál,
þjónustuiðnaður
olafurh@si.is



Ólafur R. Eggertsson
verkefnastjóri
Gæðakerfi í byggingariðnaði
ore@si.is



Ólafur Kjartansson
Orku og umhverfismál, fata-, vefja-
og veifaræraíðn., plastiðnaður
olafur@si.is



Ragnheiður Héðinsdóttir
Matvæla- og fæðuiðnaður,
efnaíðnaður
ragnheidur@si.is



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri
Yfirstjórn, fjármál,
félagatengsl, stóriðja
sveinn@si.is



Þóra Guðmundsdóttir
Símvavarsla, afgreiðsla
mottaka@si.is



Þóra Ólafsdóttir
Fréttabréf, önnur útgáfumál
thora@si.is



Þórarinn Gunnarsson
skrifstofustjóri
Fjármál og áætlanir, prentiðnaður
thorarinn@si.is

Lifandi fréttavefur

www.si.is

STAÐLAMÁL

Samtök iðnaðarins hafa eins og áður tekið virkan þátt í þróun staðlastarfsins á Íslandi á vettvangi Staðlaráðs Íslands (STRÍ). Ásamt því að hafa átt fulltrúa í stjórn STRÍ frá upphafi hafa Samtökin tekið þátt í starfi flestra fagráða og fagstjórna. Á vettvangi Staðlaráðs starfa fagráð og fagstjórnir á ýmsum sérsviðum, s.s. á byggingasviði,

upplýsingatækni, raftækni, vél-tækni, gæða- og umhverfisstjórnun. Rúmlega 8000 Evrópustaðlar hafa nú verið staðfestir sem íslenskir og heldur STRÍ skrá, sem er aðgengileg á Internetinu, yfir alla þessa staðla. Á síðasta ári flutti STRÍ starfsemi sína frá Iðntæknistofnun sem hefur verið bakhjarl starfsins frá upphafi. Með sjálfstæði og auknum umsvif-

um STRÍ var orðið of þröngt um starfsemina innan veggja Iðntækni-stofnunar. STRÍ fluttist í rúmgott húsnæði í Holtagörðum og deilir húsnæði með Gæðastjórnunarfélagi Íslands og Skýrslutæknifélagi Íslands. Á næstunni stendur fyrir dyrum ný stefnumótunarvinna til að móta áherslur í starfseminni til næstu ára.

MENNTAMÁL

Samtök iðnaðarins hafa á undanförnum árum lagt áherslu á menntun í þágu atvinnulífsins. Miklum fjármunum er varið til menntunar í landinu á öllum skólastigum. Það er í þágu fyrirtækjanna og starfsfólks þeirra sem og þegna þjóðarinnar í heild að þessum fjármunum verði eins vel varið og kostur er. Um það er ekki deilt að góð og rétt menntun skilar arði, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Miklu máli skiptir því að atvinnulífið setji fram óskir sínar um menntun við hæfi með eins skýrum hætti og kostur er.

Lög um menntun fyrir atvinnulífið eru að mestu samofin heildarlöggjöf um menntun í landinu. Grunn-skóla- og framhaldsskólalög gefa atvinnulífinu tækifæri til að hafa áhrif á þessi skólastig. Einkum gefa framhaldsskólalögin frá 1996 kost á slíku. Ný lög voru sett um háskóla síðla árs 1997. Óhætt er að segja að á þeim sé stór ágalli þar eð í þeim er hvergi minnst á atvinnulífið eða samstarf þess skólastígs við fyrirtækin í landinu. Þetta er þó ekki fyrst og fremst vandi atvinnulífsins heldur háskólastígsins sem um þessar mundir á erfitt með að skilgreina stöðu sína í samfélaginu.

FRÆDSLUNEFND SI

Fræðslunefnd Samtaka iðnaðarins mótar heildarstefnu SI í mennta- og fræðslumálum en stýrihópar, fagnefndir og fræðslunefndir einstakra fræðslustofnana móta nánar stefnu og útfærslu náms í hverjum iðngreinaflokk. Tillögur um skipulag og framkvæmd grunnnáms í hverjum iðngreinaflokk eru síðan unnar í samvinnu við viðkomandi starfsgreinaráð.

Í fræðslunefnd Samtaka iðnaðarins sitja fulltrúar ýmissa greina iðnaðarins, m.a. mál-, matvæla-, prent-, byggingar- og verksmiðju-iðnaðar. Meðal mála, sem fræðslunefndin vann að á síðastliðnu ári, er undirbúningur að stofnun MENNT-AR.

MENNT – SAMSTARFSVETTVANGUR ATVINNULÍFS OG SKÓLA

Aðilar vinnumarkaðarins hafa verið gagnrýndir fyrir að eiga erfitt með að ná saman um einstök sameiginleg hagsmunamál. Umræður hafa lengi átt sér stað um nauðsyn þess að þeir taki höndum saman á sviði menntamála og marki sér vettvang þar sem þeir geta skilgreint

sameiginlegar áherslur og komið af stað sameiginlegum verkefnum á þessu sviði. Slík samvinna hefur tekist í einstökum starfsgreinum en breiða samstöðu hefur skort. Tilraunir hafa verið gerðar bæði með Sammennt (1990) og Starfsmenntafélaginu (1995) en sterk heildarsamstaða aðila vinnumarkaðarins að baki þessum félögum hefur ekki náðst.

MENNT - Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, var stofnuð 27. nóvember 1997 með þátttöku um þrjátíu félaga, skóla og samtaka. Mennt tekur við hlutverki Sammenntar og Starfsmenntafélagsins sem um leið voru lögð af. Meðal félaga eru Samtök iðnaðarins, Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Samband iðnmenntaskóla og háskólar. Með MENNT er ætlunin að mynda sterkt þríhliða samstarf atvinnurekenda, launafólks og skóla. Stærstu félagararnir leggja til myndarlegt framlag fyrstu tvö árin til að hleypa MENNT af stokkunum.

FÉLAGS- OG FRÆÐSLU-MIÐSTÖÐ IÐNAÐARINS

Félags- og fræðslumiðstöð iðnað-


MARKMIÐ MENNTAR

- Að efla menntun hvers einstaklings og stuðla þannig að lífshamingju hans.
- Að stuðla að öflugu atvinnulífi þar sem framsýni, þróun og aðlögunarhæfni eru sett í öndvegi með menntun við hæfi.
- Að efla samkeppnishæfni og framleiðni fyrirtækja.
- Að efla hæfni starfsmanna og treysta stöðu þeirra á vinnu-markaði.
- Að efla starf skóla og annarra fræðslustofnana.

arins, Hallveigarstíg 1, er húsfélag ýmissa félaga og stofnana innan vébanda Samtaka iðnaðarins eða í samstarfi við þau, einkum um menntamál. Starfsemin hefur vaxið á síðastliðnu ári. Nokkrir starfsmenn hafa verið ráðnir til Menntafélags byggingaiðnaðarins, Prenttæknistofnunar og Fræðsluráðs málmíðnaðarins meðal annars vegna aukinna verkefna þeirra félaga fyrir menntamálaráðuneytið. Þessi félög hafa af þeim sökum stækkað við sig og tekið á leigu stærstan hluta fyrstu hæðar Húss iðnaðarins.

SÍ- OG ENDURMENNTUNARSTOFNANIR IÐNAÐARINS

Vegna örra tæknilegra breytinga og meiri krafna um kunnáttu starfsmanna á flestum sviðum hefur atvinnulífið, sérstaklega iðnaðurinn, lagt meiri áherslu á stöðuga menntun og þjálfun starfsfólks. Iðnaðurinn hefur því að undanfögnu lagt mikla áherslu á sí- og endurmenntun. Iðnaðurinn rekur sex endurmenntunarmiðstöðvar sem eru í fararbroddi á sínu sviði hér á landi. Samtök iðnaðarins eiga aðild að fjórum þeirra: Menntafélagi byggingariðnaðarins, Fræðsluráði málmíðnaðarins, Prenttæknistofnun og



Fræðsluráði hótél- og matvælagreina.

Hver þessara símenntastofnana er rekin sem sjálfstæð starfsemi með eigin stjórn og framkvæmdastjóra. Starfsemin byggist á því að sinna þeirri kröfu eftir menntun sem verður til úti í fyrirtækjunum. Við símenntastofnanirnar starfa fagnefndir sem skilgreina þörfina í einstökum greinum. Samtök iðnaðarins líta á símenntastofnanir iðnaðarins sem mikilvægt tæki til að fylgja eftir stefnu SI í mennta- og fræðslumálum.

SAMSTARFSNEFND UM STARFSMENNTUN Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi er ráðgefandi um stefnumótun slíks náms á því skólastigi. Í nefndinni sitja 18 fulltrúar, þar af 5 tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands. Nefndin mótaði á síðastliðnu ári tillögur að 14 starfsgreinaráðum sem öll hafa tekið til starfa. Samstarfsnefnd hef-

ur að undanfögnu unnið að því að skilgreina mikilvæg verkefni sem eru sameiginleg starfsgreinaráðunum.

ATVINNULÍFIÐ OG HÁSKÓLASTIGIÐ

Tækniskólinn. Málefni Tækniskóla Íslands voru til umræðu í stjórn Samtaka iðnaðarins á síðastliðnu ári þar sem í bígerð er breyting á lögum um Tækniskóla Íslands. Í kjölfarið sendu Samtökin umsögn um lagadrögin til menntamálaráðuneytisins og lýstu áhyggjum sínum af mörgum atriðum þar. Þetta telja Samtökin m.a. varhugavert við drögin:

- Hætta er á að aðgangur iðnmenntaðra manna að tækninámi á háskólastigi verði takmarkaður.
- Stjórn skólans verður óskilvirk og þunglamaleg.
- Tækniskólinn er fagháskóli (þ. Fachhochschule, d. Teknisk højskole) en ekki „universitas.“ Í samræmi við þetta getur hlut-

verk Tækniháskóla ekki fyrst og fremst verið akademískt (þekking þekkingarinnar vegna) heldur hagnýtt (þekking hagnýtingarinnar vegna).

Verkfræðideild. Vilji er hjá verkfræðideild Háskóla Íslands til að kanna með hvaða hætti deildin getur þjónað betur atvinnulífinu og hvernig unnt er að styrkja samstarf þessara aðila. Um tugur framkvæmdastjóra og forráðamanna stórra fyrirtækja í ýmsum greinum innan Samtakanna heimsótti verkfræðideild og skiptist þar á skoðunum við forráðamenn deildarinnar.

Mörg stærstu aðildarfyrirtæki Samtaka iðnaðarins æskja þess að Samtökin beiti sér fyrir því að kannað verði með hvaða hætti verk- og tæknimenntun verði hagnægast fyrir komið hér á landi. Það er krafa fyrirtækjanna að núverandi tækninám (verkfræði, tæknifræði, iðnfræði o.fl.) verði eflt, hugsanlega með meiri samvinnu skólastofnana á þessu sviði.

ALMENN LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

Á síðasta ári féll dómur í Hæstarétti í máli ljósmyndara sem fyrirseta stefndi vegna þess sem hún taldi óheimila myndbirtingu. Samtök iðnaðarins studdu myndarlega við bakið á ljósmyndaranum í þessum málaferlum enda taldi fagfélag hans að um mjög mikilvægt mál væri að ræða sem gæti skipt sköpum fyrir stéttina í heild. Fullnaðar-

sigur vannst fyrir hönd ljósmyndarans.

Stefna SI varðandi stuðning við málaferli félagsmanna hefur verið sú að skoða hvert mál fyrir sig og meta hvort efnisatriði tengist einhverjum hópi félagsmanna eða tiltekinni iðngrein með þeim hætti að eðlilegt sé að SI komi þar að.

Allir félagsmenn SI geta leitað sér

lögfræðilegrar ráðgjafar hjá SI og skiptir þá engu hvers eðlis málið er svo framarlega sem það tengist starfsemi viðkomandi. Ef ekki er unnt að svara álitafnum samstundis er aflað upplýsinga um þau eða viðkomandi beint til þeirra sem veitt geta svör.

ORKUMÁL - EFNAIÐNAÐUR

ÍSKEM

Á vegum Ískem ehf., sem stofnað var 1994, eru í athugun ný tækifæri í efnaiðnaði. Stofnendur Ískem voru nokkrir innlendir aðilar og Technology International Exchange Inc (TIE). TIE er bandarískt tækni-þróunarfyrirtæki á sviði efnaiðnaðar. Tilgangur með stofnun Ískem var að auka innlenda og erlenda fjárfestingu í iðnaði sem nýtir innlenda orku. Það er gert með því að vinna að nýjum viðskiptahugmyndum og úttektum á þeim og afla nauðsynlegra tengsla hér á landi og erlendis til að hrinda þeim í framkvæmd.

Á síðasta ári var lokið úttekt á framleiðslu á polyol úr sykri eða sterkju með nýjum aðferðum en eldri aðferðir byggjast á hráefnum frá olíuiðnaði. Iðnaðarráðuneytið

styrkti úttektina sem sýnir að slík framleiðsla er hagkvæm hér á landi. Í úttektinni var verksmiðja hér á landi borin saman við verksmiðjur í Suður-Afríku og Bandaríkjunum. Slík verksmiðja þyrfti á mjög mikilli jarðgufu að halda.

Iðnaðarráðherra fór fyrir hópi til Suður-Afríku en þar var m.a. rætt við aðila sem er að taka í notkun tilraunaverksmiðju sem framleiðir polyol úr mólassa (þegar sykur hefur verið hreinsaður úr leðjunni). Þar var rætt um mögulegt samstarf í tækni- og hráefnamálum. Auk þess var í ferðinni rætt við hugsanlega samstarfsaðila Ískem við framleiðslu á ostalíki, eimingu iðnaðaralkóhóla frá Suður-Afríku og samstarf um nýjar aðferðir við að yfirborðsmeðhöndla plast.

RAFORKUMARKAÐURINN

Raforkuverð hélt nokkuð stöðugt á síðasta ári þrátt fyrir lítils háttar verðhækkun nokkurra veitna en lækkun raforkuverðs á höfuðborgarsvæðinu vó upp þá hækkun á landsvísu. Vænst er að ný raforkulög verði afgreidd á Alþingi á þessu ári. Skipulagsbreytingar þær, sem stefnt er að, taka mið af tilskipun Evrópusambandsins um innri raforkumarkað og eiga að leiða til aukinnar samkeppni á raforkumarkaði. Í nágrannalöndum okkar hafa raforkufyrirtæki víða fært sig um set, úr umhverfi opinberra reglugerða í markaðsumhverfi. Tilgangur slíkra breytinga er fyrst og fremst að nýta betur þær fjárfestingar sem í greininni liggja í þeim tilgangi að lækka orkuverðið.

UMHVERFISMÁL

MEÐFERÐ SPILLIEFNA


Árið 1997 voru sett lög um spilliefnagjald. Tilgangur þeirra er að hvetja til bættra skila á spilliefnum. Þau kveða á um að við innflutning á vörum og efnum, sem geta endað sem spilliefni, verði lagt gjald sem á að nægja til að mæta kostnaði við söfnun, flutning, meðhöndlun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefnanna. Auk þess verður lagt gjald á innlenda framleiðslu sem fellur undir lög. Hér er um rammalöggjöf að ræða en ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laganna með reglugerðum sem hann setur samkvæmt tillögum spilliefnanefndar. Atvinnurekendur eiga þrjá fulltrúa af sjö í nefndinni. Með álagningu spilliefnagjalds á smurolíu hefur verið lagt spilliefnagjald á alla stærstu efnaflokkana sem falla undir lög.

Spilliefnanefnd hélt fyrsta ársfund sinn á síðastliðnu ári þar sem gefið var yfirlit yfir starfsemin á árinu. Þar kom fram að áætlað er að spilliefni séu um fjögur prósent af öllum úrgangi, sem fellur til á landinu, samanber meðfylgjandi myndir. Þau eru, að undanskilinni úrgangsolíu og hluta af leysiefnum, flutt út til eyðingar með ærnum kostnaði. Með spilliefnagjaldskerfinu eru skapaðar hagrænar forsendur til að eyða eða endurnýta meira af þessum efnum hér á landi en áður. Í því sambandi má nefna að fyrirhugað er að hefja endurvinnslu á rafgeymum hér á landi og auka eimingu leysiefna. Við endurvinnslu á rafgeymum verða til blý, plast og sýra sem seld eru sem hráefni til frekari vinnslu. Með eimingu leysiefna eru óhreinindi skilin frá. Afurðin er leysiefni sem nota má á

ný. Ennfremur er unnt að umbreyta mörgum þessara spilliefna svo að þau verði skaðlaus til að hægt sé að urða þau hér á landi. Í skýrslu nefndarinnar um reksturinn á síðastliðnu ári er að finna ýtarlegar upplýsingar um spilliefnagjaldskerfið og tölfraðilegar upplýsingar um skiptingu spilliefna.

UMBÚÐIR OG UMBÚÐAÚRGANGUR

Tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang, tók gildi í september 1994 og um mitt ár 1997 varð hún hluti af íslenskum lögum. Tilskipunin tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað og alls umbúðaúrgangs óháð umbúðaeinum. Markmið tilskipunarinnar er að samhæfa ráðstafanir varðandi meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs til að koma í veg fyrir eða

SKIPTING SPILLIEFNA
Á ÁRSGRUNÐVELLI 1997

SKIPTING ÚRGANGS 1997



draga úr áhrifum þeirra á umhverfið. Gert er ráð fyrir að fyrir mitt ár 2001 verði 50-65% af umbúðaúrgangi endurnýttur, 25-45% af úrganginum verði endurunni og minnst 15% af hinum einstöku umbúðaefnum. Tilskipunin skilgreinir ekki með hvaða hætti einstök ríki innan svæðisins eigi að ná markmiðunum. Á liðnu ári starfaði nefnd við undirbúning málsins í nánnum tengslum við umbúðaiðnaðinn. Fyrir liggur fyrsta mat á magni umbúða og umbúðaúrgangs og hversu mikið sé endurunnið og endurnýtt af hinum einstöku umbúðaefnum. Helstu niðurstöður eru:

- Markmiðum um 15% endurvinnsluhlutfall er náð hvað varðar gler-, málm- og timburumbúðir en töluvert vantar á hvað varðar pappa- og pappírsumbúðir og plast- og samsettar umbúðir.
- Töluvert vantar á að markmiðum um 50-65% endurnýtingu á öllum umbúðum samanlögðum sé náð.

HVÍTÍ SVANURINN

Norræna umhverfismerkið er sameiginlegt umhverfismerki Norðurlanda. Merkið er notað á ýmsar vörutegundir sem uppfylla skilyrði um að mengun við framleiðslu, notkun og förgun þeirra sé takmörkuð. Merkið er hvítur svanur á grænum fleti og byggist á merki norrænu ráðherranefndarinnar. Í

maí á síðasta ári var Frigg hf. veitt leyfi til að merkja þvottaefnið „Marabon milt“ með norræna umhverfismerkinu. Töluverða þróunarvinna þurfti til að framleiða þvottaefni sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru.

VERNDUN
ANDRÚMSLOFTSINS

Nokkur umræða hefur orðið um verndun andrúmsloftsins og hvort Íslendingar eigi að undirrita Kyoto-bókunina við loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtök atvinnurekenda lýstu yfir því að þau teldu ekki tímabært að undirrita bókunina að svo stöddu meðan sjónarmið, sem íslensk stjórnvöld hafa komið á framfæri, bæði í Kyoto og í Buenos Aires, hafa ekki náð almennri viðurkenningu. Samtök atvinnurekenda á Íslandi hafa lagt áherslu á að litið verði á gróðurhúsaáhrif sem hnattrænt fyrirbæri og að unnið verði að því að draga úr áhrifum á þeim forsendum. Til þess þarf að:

- Tryggja að möguleikar ríkja til að nýta endurnýjanlega orkugjafa til iðnaðarframleiðslu verði ekki skertir. Þetta gildir eins þó að nýting orkunnar auki staðbundna losun gróðurhúsalofttegunda enda komi hún í stað framleiðslu sem hefði í för með sér meiri losun í alþjóðlegu samhengi.
- Dragð þróunarlöndin að miklu

leyti inn í hnattrænt uppgjör á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda og sáttmálinn þarf að ná til allra gróðurhúsalofttegunda.

- Fá almenna viðurkenningu bindingu koldíoxíðs hvort sem er í jarðvegi með landgræðslu eða skógrækt og taka verður tillit til heimsviðskipta með koldíoxíðskvóta.

Samtök atvinnurekenda telja óráðlegt til frambúðar að standa utan samtaka þjóða um loftslagsáttmála Sameinuðu þjóðanna en telja að draga eigi að staðfesta sáttmálann meðan framangreind atriði hafa ekki hlotið almenna viðurkenningu.

UMA

Samtök iðnaðarins, Umhverfissráðuneytið, Hollustuvernd ríkisins, Landsnefnd Alþjóða verslunarráðsins, VSÍ og Iðntæknistofnun hafa sameinast um útgáfu á hagnýtum upplýsingum fyrir fyrirtæki og stofnanir undir heitinu Umhverfismál atvinnulífsins (UMA). UMA er ætlað að verða vettvangur hugmynda, skoðanaskipta og ábendinga um leiðir til úrbóta í umhverfismálum og miðla upplýsingum um þennan mikilvæga málaflokk á einfaldan og markvissan hátt. UMA fylgir fréttablaði Samtaka iðnaðarins auk þess sem það er vistað á heimasíðu Samtakanna.

STJÓRN

Á Iðnþingi þann 20. febrúar 1998 var Haraldur Sumarliðason endurkjörinn formaður með 89,5% atkvæða. Meðstjórnendur til tveggja ára voru kosnir þeir Ágúst Einarsson, Stálsmiðjunni hf., Friðrik Andrésson, Múrarameistarafélagi Reykjavíkur og Vilmundur Jósefsson, Gæðafæði ehf. Samtals voru gild atkvæði til stjórnarkjörs 40.559 en þar af voru greidd atkvæði 31.249. Kosningaþátttaka reyndist því vera 77,05% sem teljast verður allgóð í svo stórum samtökum. Stjórn Samtaka iðnaðarins var því þannig skipuð frá Iðnþingi 1998: Formaður Haraldur Sumarliðason, Ágúst Einarsson, Friðrik Andrésson, Geir A. Gunnlaugsson, Helgi Magnússon, Jón Albert Kristinsson,

Vilmundur Jósefsson og Örn Jóhannsson.

Á fyrsta fundi eftir Iðnþing skipti nýkjörin stjórn með sér verkum. Örn Jóhannsson var endurkjörinn varaformaður og Geir A. Gunnlaugsson ritari. Frá Iðnþingi 1998 hefur stjórnin haldið 18 fundi.

RÁÐGJAFARÁÐ

Frá síðasta Iðnþingi hafa verið haldnir tveir fundir í ráðgjafaráði Samtakanna.

Fundur 4. maí. Eitt mál var á dagskrá fundarins, skipulagsmál samtaka atvinnurekenda. Að frumkvæði Samtaka iðnaðarins hafa farið fram umræður um skipulagsmál samtaka atvinnurekenda en þátt í þeim hafa tekið fulltrúar allra hel-

stu samtaka atvinnurekenda í landinu ásamt fulltrúum beinna aðila að VSÍ. Á fundinum voru lagðar fram hugmyndir um framtíðarskipulag samtaka atvinnurekenda. Frummælendur á fundinum voru Haraldur Sumarliðason og Sveinn Hannesson.

Fundur 2. desember. Tvö mál voru á dagskrá fundarins. Fyrst var framhald umræðu um skipulag samtaka atvinnulífsins. Sveinn Hannesson lagði fram nýjar hugmyndir og kynnti.

Málefni Útflutningsráðs voru seinna umfjöllunarefni fundarins. Vilmundur Jósefsson greindi frá hugmyndum um breytingu á lögum um Útflutningsráð.

FÉLAGSFUNDIR

Félagsfundur um **þróun flutningsgjalda** í millilandaflutningum Eimskips undanfarin misseri var haldinn 31. mars. Tilefni fundarins var óánægja félagsmanna með þróun flutningsgjalda. Beinar gjaldskrárhækkanir, framkvæmd gengisadlögunar og aukagjöld vegna gerðar farmskírteina o.fl. voru ástæður óánægjunnar. Framsöguerindi fluttu Jón Steindór Valdimarsson og Þórður Sverrisson framkvæmdastj. hjá Eimskip.

Félagsfundur um **fyrirhugaðar breytingar á reglugerð Sameinaða lífeyrissjóðsins** var haldinn 7. október. Gert er ráð fyrir að réttindaöflun í sjóðnum verði aldurstengd. Réttindi sjóðfélaga munu fara eftir aldri og hve lengi iðgjöld hans ávaxtast hjá lífeyrissjóðnum áður en taka lífeyris hefst. Frummælendur voru Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur og Jóhannes Siggeirsson framkvæmdastjóri sjóðsins.

Í lok ársins var haldinn félagsfundur um svokallað **2000 vanda-mál**. Kannanir á árinu sýndu að athuganir á tölvukerfum iðnfyrirtæki voru mjög misjafnlega á vegi staddar og í mörgum tilfellum var ekkert farið að huga að málinu. Gera má ráð fyrir að Samtökin verði að beita sér fyrir enn meiri vakningu vegna þessa máls.

STARFSMANNAHALD

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins eru nú 23 að meðtöldum starfsmönnum á Akureyri og í Brussel. Í byrjun þessa árs hóf Haraldur Nelson störf hjá Samtökunum og mun hann sjá um vefsíðu SI ásamt því að sinna tölvumálum Samtakanna og

er hann boðinn velkominn til starfa.

Anna Hallgrímsdóttir ritari á skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi hætti störfum á miðju ári og var þá ákveðið að ráða ekki í hennar stað heldur kaupa aukna þjón-

ustu við sínavörslu og afgreiðslu af öðrum. Önnu eru þökkuð góð störf í þágu skrifstofunnar.

ÚTGÁFU- OG UPPLÝSINGASTARF

Samtök iðnaðarins gefa út mán- aðarlegt fréttabréf, Íslenskan iðnað, sem flytur helstu fréttir úr iðnaðin- um. Íslenskur iðnaður er ýmist 8 eða 12 bls. að stærð og því takmark- að hvaða upplýsingum er unnt að koma þar á framfæri. Fréttaukar eru gefnir út um málefni einstakra starfsgreina þegar ástæða er til. Ýmiss konar kynningarefni er auk þess gefið út um einstök átaksvirk- efni Samtakanna.

Samtökin lögðu á síðastliðnu ári áherslu á að þróa upplýsingavef sinn, www.si.is. Hér er um að ræða fréttavef fyrir félagsmenn SI, opin- berar stofnanir og aðra samstarfsað- ilar Samtakanna. Á upplýsingavefn- um eru í hverri viku birtir fréttar

molar sem varða rekstrarumhverfi í iðnaði, nýjungar í einstökum grein- um iðnaðarins og afskipti Samtak- anna af málum sem varða iðnaðinn í heild og að hluta.

Ástæða er til að benda félags- mönnum í Samtökunum á að fylgi- ast vel með www.si.is, því að þar má finna margt sem ekki er unnt að birta í Íslenskum iðnaði.

EVROPUFRÉTTIR

Samtök iðnaðarins og Vinnuveit- endasamband Íslands hafa gefið sameiginlega út blaðið Evrópufrétt- ir um nokkurra ára skeið. Efnisöfl- un og ritstjórn hefur verið í hönd- um Evrópuskrifstofu atvinnulífsins í Brussel en blaðið sett og prentað á

Íslandi. Ákveðið hefur verið að hætta útgáfu þess. Samtök iðnaðar- ins munu sinna fréttum af Evrópu- vettvangi á upplýsingasíðu sinni www.si.is.

FÉLAGATAL SI

Félagatal Samtaka iðnaðarins verður gefið út á árinu en það var síðast gefið út árið 1996. Gert er ráð fyrir að útgáfan verði með svipuðu sniði og áður. Undirbúningur að birtingu félagatalsins á heimasíðu SI er hafinn og er þess að vænta að hægt verði að skoða félagatalið þar, síðar á þessu ári. Einungis verður hægt að fletta upp í félagatalinu á heimasíðunni en ekki að prenta út upplýsingar úr því.

SKRIFSTOFA ATVINNULÍFSINS Á NORÐURLANDI

Starfsemi Skrifstofu atvinnulífs- ins á Norðurlandi var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Skrifstof- unni er ætlað að þjóna atvinnulífinu á Norðurlandi. Samtök iðnaðarins og VSÍ, sem sameiginlega standa að rekstri skrifstofunnar, vilja með því auka og bæta þjónustuna við fyrir- tæki innan sinna vébanda á lands- byggðinni og tryggja eins vel og kostur er að þau sitji við sama borð og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Skrifstofan hefur sem fyrr haft frumkvæði að því að skapa vettvang fyrir atvinnurekendur til að ræða hagsmunamál sín. Skrifstofan hefur bæði ein sér og í samvinnu við aðra staðið fyrir mörgum fundum um at- vinnumál þar sem bæði hafa verið til umfjöllunar málefni einstakra at- vinnugreina og hagsmunahópa og tekin til umfjöllunar málefni sem snerta atvinnulífið allt.

Talsverðar kvartanir hafa borist skrifstofunni um að erfitt sé fyrir

stjórnendur fyrirtækja af lands- byggðinni að sækja sér endur- menntun og viðbótarþekkingu. Bæði er kvartað undan kostnaði við að sækja námskeið til Reykjavíkur og jafnframt að flestum þeirra sé valinn staður með tilliti til þess að þeim, sem búa á höfuðborgarsvæð- inu, sé auðvelt að sækja þau. Unnið hefur verið að því að auka framboð á námskeiðum fyrir stjórnendur á Akureyri og í framhaldi af því verða kannaðir möguleikar á bættri þjón- ustu á þessu sviði á öðrum stórum þéttbýlisstöðum á starfssvæðinu.

Fjölmargar fyrirspurnir berast jafnan til skrifstofunnar. Flestar snerta kjaramál, verksamninga og útboðsmál og varða oftast réttar- stöðu fyrirtækjanna.

Undanfarin misseri hafa talsverð- ar umræður átt sér stað á Akureyri og reyndar víðar um hvernig best megi standa að þjónustu við at- vinnulífið. Skrifstofa atvinnulífsins

á Norðurlandi hefur hvatt mjög til þessara umræðna og tekið virkan þátt í þeim. Segja má að á Eyjafjarð- arsvæðinu hafi Skrifstofa atvinnu- lífsins, Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnumálaskrifstofa Akureyrar- bæjar og Byggðastofnun helst sinnt þessari þjónustu. Nú hefur orðið sú breyting að stofnað hefur verið At- vinnuþróunarfélag Eyjafjarðar sem frá áramótum er ætlað að taka við hlutverkum bæði Iðnþróunarfélags- ins og Atvinnumálaskrifstofunnar en starfsemi Byggðastofnunar á Akureyri hefur verið hætt. Ekki er enn hægt að fullyrða hvaða áhrif þessi samruni muni hafa á þjónust- una en ákveðið hefur verið að laga starfsemi Skrifstofu atvinnulífsins í framtíðinni að einhverju leyti að þessum breyttu aðstæðum.